

um fuglaveiðar og fuglafriðun.

(Lagt fyrir Alþingi á 73. löggjafarþingi, 1953.)

I. KAFLI

Um veiðirétt og stjórn friðunar- og veiðimála.

1. gr.

Með fuglaveiðum er í lögum þessum átt við þann verknað, er felst í því að handsama eða drepa villta fugla. Þar sem rétt er um rétt til fuglaveiða í lögunum, er þó einnig átt við rétt til eggjatöku.

2. gr.

1. Landeiganda einum eru heimilar fuglaveiðar og ráðstöfunarréttur þeirra í landareign sinni, nema lög mæli öðruvísi fyrir.

2. Nú er jörð byggð á leigu, og fylgir þá réttur til fuglaveiða ábúðinni, nema öðruvísi semjist og ráðherra samþykki.

3. Eigi má skilja rétt til fuglaveiða að nokkru eða öllu leyti við landareign fyrir fullt og allt. En leyfilegt skal að skilja rétt til fuglaveiða við landareign um tiltekið tímabil, er eigi má vera lengra en 10 ár í senn.

3. gr.

1. Nú er landareign í óskiptri sameign, og eru þá landeigendum öllum fuglaveiðar jafnheimilar í þeirri landareign.

2. Nú er landareign í sameign, en er skipt eftir merkjum, afnotaskiptum eða eignar, og á þá hver sameigandi fuglaveiðar á og fyrir sínum landshluta eða afnotasvæði, nema samkomulag hafi orðið um aðra lögmæta skipan.

4. gr.

1. Á landi skulu fuglaveiðum ráða rétt landamerki jarðar hverrar.

2. Nú skilur á eða lækur landareignir, og á þá hver fuglaveiðar í miðjan farveg.

3. Nú liggur landareign að sjó, og á þá landeigandi fuglaveiðar á haf út, 115 m frá stórstraumsfjörumáli, og eru það netlög hans. Ef firðir, vogar eða sund, sem eigi eru 230 m á breidd, skipta landareignum, þá á hver landeigandi fulgaveiðar út á miðjan fjörðinn, voginn eða sundið.

4. Nú liggur landareign að stöðuvatni, og á þá landeigandi fuglaveiðar 115 m út frá bakka þess (netlög), og skal jafnan miða við lágflæði í vatni. Ef stöðuvatn er merkivatn og er eigi 230 m á breidd, þá skal miðlína þess ráða fuglaveiðum.

5. Nú liggja eyjar, hólmar eða sker í sjó eða stöðuvötnum undir landareign, og fylgja þeim þá netlög sem áður segir.

5. gr.

1. Landeigendum, sem land eiga að stöðuvatni, eru einum heimilar fuglaveiðar í almenningi vatnsins, og eru þær þeim öllum jafnheimilar. Sé forn venja til þess, að réttur til fuglaveiða í almenningi stöðuvatns, fylgi tiltekinni eða tilteknum landareignum, skal sú venja gilda eftirleiðis.

2. Öllum íslenskum ríkisborgurum eru fuglaveiðar heimilar í afréttum og almenningum utan landareigna lögbýla, enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra.

3. Öllum íslenskum ríkisborgurum eru fuglaveiðar heimilar í íslenskri landhelgi utan netlaga lögbýla. Landhelgi er talin í lögum þessum með sama hætti og í 5. gr. l. nr. 33/1935.

6. gr.

Fastráðnum starfsmönnum við dýrafræðideild Náttúrugripasafns Íslands í Reykjavík skal heimilt að veiða fugla og safna eggjum handa safninu, hvar sem er, og án þess að endurgjald komi fyrir, enda geri þeir landeiganda aðvart fyrirfram og sýni skilríki sín, svo fremi því verði við komið.

7. gr.

1. Menntamálaráðherra hefur yfirumsjón allra mála, er varða fuglaveiðar og fuglafriðun.

2. Til aðstoðar ráðherra um stjórn þeirra er fuglafriðunarnefnd. Menntamálaráðherra skipar nefndina, og skal hún skipuð 5 mönnum. Einn nefndarmanna skal

skipaður eftir tillögum Hins íslenzka náttúrufræðifélags, annar eftir tillögum Dýra-
verndunarfélags Íslands, en tveir skulu skipaðir án tilnefningar, auk forstöðumanns
dýrafræðideildar Náttúrugripasafns Íslands í Reykjavík, er skal vera formaður
nefndarinnar.

3. Tillagna fuglafriðunarnefndar skal leitað við setningu reglugerða og annarra
ákvæða um fuglaveiðar og fuglafriðun, og ber nefndinni að gera tillögur til ráðherra
um hvað eina, er hún telur ástæðu til, í sambandi við þau mál.

4. Ísland er aðili að alþjóða-fuglaverndunarsambandinu (The International
Committee for Bird Preservation), og skal fuglafriðunarnefnd koma fram fyrir Ís-
lands hönd í þeim samtökum.

5. Fuglafriðunarnefnd starfar kauplaust, en útlagðan kostnað fær hún greiddan
úr ríkissjóði eftir reikningi, er ráðherra samþykkir.

II. KAFLI

Friðunarákvæði og veiðitímar.

8. gr.

1. Á Íslandi skulu allar villtar fuglategundir, að undanskildum þeim tegundum,
er taldar eru í 2. málsg., vera friðaðar allt árið.

2. Á eftirgreindum árstímum skal heimilt að veiða þær tegundir, sem hér eru
taldar:

- a. Allt árið: kjói, svartbakur (veiðibjalla), hrafn.
- b. Frá 15. ágúst til 19. maí: skúmur, silfurmáfur, litli svartbakur, stóri hvítmáfur,
litli hvítmáfur, hettumáfur, rita, álka, stuttnefja, langvía, teista, lundi.
- c. Frá 20. ágúst til 31. október: grágæs, blesgæs, heiðagæs, margæs, helsingi,
urtönd, grafönd, skúfönd, duggönd, hrafnsönd.
- d. Frá 20. ágúst til 29. febrúar: stökkönd, rauðhöfðaönd, hávella.
- e. Frá 20. ágúst til 31. marz: fýll, súla, dílaskarfur, toppskarfur.
- f. Frá 20. ágúst til 30. apríl: lómur, himbrimi, sefönd (flórgoði), stóra toppönd
(gulönd), litla toppönd.
- g. Frá 15. október til 31. desember: rjúpa.

3. Friðun sú, sem fólgin er í ákvæðum 1. og 2. málsg., tekur einnig til eggja
og hreiðra þeirra fugla, sem njóta algerðrar eða tímabundinnar friðunar, nema
öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

9. gr.

1. Frá 15. apríl til 14. júlí ár hvert eru öll skot bönnuð nær friðlýstu æðarvarpi
en 2 km, nema brýna nauðsyn beri til. Á sama tímabili má eigi án leyfis varpeiganda
leggja net nær friðlýstu æðarvarpi en $\frac{1}{4}$ km frá stórstraumsfjörumáli.

2. Sýslumenn skulu ár hvert á manntalsþingum, ótilkvaddir og ókeypis, friðlýsa
öll æðarvörp í lögsagnarumdæmum sínum.

3. Nú vill einhver koma á fót æðarvarpi í landareign ábúðarjarðar sinnar, og
skal hann þá senda sýslumanni skriflega yfirlýsingu um það. Skal þar skýrt frá legu
varplandsins, afstöðu þess, ummerkjum og útbúnaði. Skýrslu þessari fylgi vottorð
tveggja áreiðanlegra og óvilhallra manna, er kunnugir séu staðháttum, um, að hún sé
rétt og þeir telji landið vænlegt til æðarvarps. Síðan friðlýsir sýslumaður varplandið
ókeypis á næsta manntalsþingi.

10. gr.

1. Á takmörkuðum svæðum, þar sem veiði, eggja- eða ungataka þeirra sjófugla,
sem taldir eru undir b- og e-liðum 2. málsg. 8. gr., hefur talizt eða telst til hlunninda,
skulu friðunarákvæði laga þessara ekki vera til fyrirstöðu því, að nytja megi þau
hlunnindi eftirleiðis. Óheimilt skal þó að skjóta umræddar tegundir á þeim tíma,

er þær eru friðaðar samkvæmt lögum þessum, og aldrei má skjóta fugla í fugla-
björgum.

2. Í Mývatnssveit og á öðrum takmörkuðum svæðum, þar sem andavarp er mikið (þar með talin æðarvörp), skal, þrátt fyrir ákvæði 8. gr., leyfilegt að taka andaregg (og æðaregg), en við eggjatökuna skal þeirri reglu fylgt, að ávallt séu skilin eftir minnst 4 egg í hreiðri hverju. Undanþága þessi til eggjatöku tekur þó eigi til skeiðandar, álftar og gæsa, hværrar tegundar sem eru. Um æðaregg skulu gilda þau sérákvæði, að þau má hvorki bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa né þiggja að gjöf.

3. Í kriuvörpum skal heimilt að taka kriuegg, þrátt fyrir friðunarákvæði 8. gr., en þó aldrei nema fyrsta varp eða annað egg af tveimur.

11. gr.

Ráðherra getur, að fengnum tillögum fuglafriðunarnefndar, veitt einstaklingum undanþágu frá friðunarákvæðum 8. gr. að öllu eða nokkru leyti, til að safna fuglum, eggjum eða hreiðrum til vísindalegra þarfa eða til notkunar við kennslu. Slík undanþága veitist því aðeins í þágu skóla, að náttúrugripasafnið geti eigi séð þeim fyrir nægum gripum af þessu tagi.

12. gr.

Friðunarákvæði þau, sem felast í lögum þessum, skulu gilda hvarvetna á Íslandi, svo og innan íslenzkrar landhelgi á hafinu kringum Ísland.

III. KAFLI

Um fuglaveiðasamþykktir.

13. gr.

Sýslunefndum veitist heimild til, hverri í sínu héraði, að gera samþykktir um nytjun þeirra hlunninda, er um ræðir í 10. gr., á þann hátt og með þeim skilyrðum, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

14. gr.

1. Þá er sýslunefnd hefur gert frumvarp til samþykktar samkv. 13. gr., skal oddviti hennar kveðja til fundar alla þá héraðsbúa, er hagsmuna hafa að gæta í sambandi við hlunnindi þau, er um ræðir í 10. gr. Oddviti stýrir fundinum eða sá maður, er hann kveður til þess.

2. Á fundinum leggur fundarstjóri fram frumvarp það til samþykktar, er sýslunefnd hefur gert. Fallist fundarmenn á frumvarpið óbreytt að efni með $\frac{2}{3}$ greiddra atkvæða, sendir sýslumaður það ráðherra til staðfestingar, og er þá öllum, er boðaðir voru á fundinn, skylt að gerast aðilar að samþykktinni. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri á því efnisbreytingar, ef sýslunefnd fellst á þær. En ef sýslunefnd vill ekki fallast á breytingartillögur, er fundurinn gerir, skal kveðja til nýs fundar. Fallist fundurinn þá á frumvarpið óbreytt að efni með $\frac{2}{3}$ greiddra atkvæða, fer um það sem fyrr segir.

3. Nú er gerð samþykkt, eins og að framan er mælt, og send ráðherra til staðfestingar, og virðist ráðherra hún brjóta í bág við lög eða grundvallarreglur laga eða réttindi manna, og er samþykktin þá endursend án staðfestingar, ásamt synjunarástæðum ráðherra. Að öðrum kosti staðfestir ráðherra samþykktina, skipar fyrir um birtingu hennar og tiltekur, hvenær hún skuli öðlast gildi.

4. Staðfestri samþykkt má breyta á sama hátt og til hennar var stofnað.

15. gr.

1. Í samþykkt skal ákveða um eftirlit, er nauðsynlegt þykir til þess, að ákvæða hennar sé gætt, og hvernig kostnað við það skuli greiða.

2. Fyrir brot á löggiltri samþykkt má ákveða sektir, allt að 2000 krónum, er renni í sýslusjóð. Mál, sem rísa út af téðum brotum, skulu rekin að hætti opinberra mála.

16. gr.

Þar sem rætt er um sýslunefnd, oddvita hennar og sýslusjóð í III. kafla laga þessara, er einnig átt við bæjarstjórn, bæjarstjóra og bæjarsjóð, eftir því sem við á.

17. gr.

Fuglaveiðasamþykktir, sem gerðar hafa verið fyrir gildistöku þessara laga, skulu ógildar, unz þær hafa verið staðfestar af ráðherra að nýju.

IV. KAFLI

Um veiðitæki og veiðiaðferðir.

18. gr.

Til fuglaveiða má eigi nota önnur skotvopn en þau, er skjóta má með frihendis frá öxl. Marghlaðnar eða sjálfhlaðnar haglabyssur, sem taka fleiri en tvö skothylki, og hlaupviðari haglabyssur en Cal. 12, má eigi nota til fuglaveiða.

19. gr.

1. Eigi má nota flugvélar, bifreiðar eða önnur vélknúin farartæki á landi til fuglaveiða eða til að elta uppi eða reka fugla. Farartæki þessi má þó nota til að flytja veiðimenn, veiðihunda og veiðitæki til og frá veiðistað.

2. Eigi má nota vélknúna báta til fuglaveiða á ósöltu vatni, og til fuglaveiða á sjó má eigi nota vélknúna báta, sem ganga hraðar en 12 sjómíli á klukkustund.

20. gr.

1. Eigi má nota net til fuglaveiða í sjó eða vötnum.

2. Nú festast fuglar í netum, sem ætluð eru til annarra veiða (fisk- eða selveiða), og ber þá að greiða þá úr netunum og sleppa þeim, ef þeir eru lifandi, þegar netanna er vitjað. En fugla, sem finnast dauðir í slíkum netum, má hvorki hirða né nýta á nokkurn hátt.

3. Eigi má nota net til fuglaveiða á landi. Þó skal heimilt að veiða lunda í net, þar sem lundagröftur stendur æðarvarpi fyrir þrifum. Þessa veiðiaðferð má þó ekki stunda, nema verið sé yfir netunum og fuglinn hirtur úr þeim jafnóðum eða þeirra sé vitjað að minnsta kosti tvisvar á dag. Þá skal og heimilt að nota háfa til bjargfuglaveiða.

21. gr.

Eftirfarandi tæki eða útbúnað má eigi nota til fuglaveiða: fleka (snörufleka), stingi eða króka (gogga), öngla, boga, gildrur, blýs eða annan ljósaútbúnað, svo og allar aðrar fastar veiðivélar, þótt hér hafi ekki verið taldar.

22. gr.

Eigi má nota eitru til að tortíma fuglum, og sömuleiðis skal óheimilt að greiða verðlaun fyrir eyðingu þeirra. Ráðherra getur þó, að fengnum tillögum fuglafriðunarnefndar, veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar, ef nauðsyn þykir bera til, í sambandi við eyðingu svartbaks (veiðibjöllu), hrafn og kjóa.

23. gr.

Skipum og bátum skal óheimilt að þeyta eimflautur að óþörfu í grennd við fuglabjörg.

24. gr.

Mynda- og kvikmyndatökur af örnum, fálkum, snæuglum og haftyrdlum við hreiður þeirra, skulu óheimilar nema með leyfi ráðherra, að fenginni umsögn fuglafriðunarnefndar.

25. gr.

1. Náttúrugripasafn Íslands í Reykjavík hefur eitt heimild til að láta merkja villta fugla á Íslandi í vísindalegum tilgangi. Ráðherra getur samkvæmt tilmælum náttúrugripasafnsins, og að fengnum tillögum fuglafriðunarnefndar, veitt leyfi til að veiða fugla í net eða gildirur til merkinga. Má slíkt leyfi jafnt ná til friðaðra fugla sem ófriðaðra. Til merkinganna má ekki nota önnur merki en þau, sem safnið lætur í té.

2. Hverjum, sem finnur eða handsamar merktan fugl, ber að senda merkið, hvort sem það er íslenzkt eða útlent, til náttúrugripasafnsins, ásamt nánari upplýsingum um fundinn.

V. KAFLI

Um inn- og útflutning, kaup og sölu fugla.

26. gr.

Fugla, sem eru alfriðaðir samkvæmt lögum þessum, má eigi flytja úr landi, bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa eða þiggja að gjöf. Gildir þetta jafnt um lifandi fugla og dauða, ef þeir hafa verið deyddir eða þeim hefur verið náð á ólöglegan hátt, svo og einstaka líkamshluta þeirra.

27. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð, að fugla, sem samkvæmt lögum þessum eru friðaðir tiltekna tíma árs, megi eigi flytja úr landi, bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa eða þiggja að gjöf fyrir en daginn eftir, að veiðitími þeirra hefst, og eigi lengur en í 14 daga, eftir að honum lýkur. Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til fugla, sem hafa verið auðkenndir (plúmberaðir) af réttum yfirvöldum innan 7 daga frá því, að veiðitíma þeirra lýkur.

28. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð, að innflutta fugla megi eigi bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa eða þiggja að gjöf, nema þeir hafi verið auðkenndir (plúmberaðir) af réttum yfirvöldum á þann hátt, að auðsætt sé, að þeir séu innfluttir. Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til erlendra búrfugla eða alifugla, sem til landsins kunna að verða fluttir.

29. gr.

Egg, eggskurn og hreiður þeirra fugla, sem samkvæmt lögum þessum njóta algerðrar eða tímabundinnar friðunar, má eigi flytja úr landi, bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa eða þiggja að gjöf, nema þeirra hafi verið aflað á löglegan hátt.

30. gr.

Fugla þá, egg, eggskurn og hreiður, er um ræðir í 26.—29. gr., skal mönnum óheimilt að hafa í vörzlum sínum, nema þeirra hafi verið aflað á löglegan hátt.

31. gr.

Þeim, sem starfa að því að taka hami af fuglum eða setja þá upp, er óheimilt að inna þau störf af höndum, nema fuglanna hafi verið aflað á löglegan hátt.

32. gr.

Nú notar ráðherra heimild 27. og 28. gr. og kveður þá á um með reglugerð, hvernig fuglar þeir, er þar um ræðir, skuli auðkenndir (plúmberaðir) og hverjir skuli annast auðkenninguna, svo og gjald fyrir hana og hver greiða skuli.

VI. KAFLI

Refsiákvæði og réttarfar.

33. gr.

1. Hver sá, er gerist sekur um ólöglegar fuglaveiðar, skal sæta sektum frá 100 til 3000 krónum. Ef brot er ítrekað, skal sektin nema 300 til 5000 krónum. Virða skal það refsingu til þyngingar, ef fágætar fuglategundir eru veiddar, svo sem örn, snæugla, fálki eða haftyrdill, enda sé síðast talda tegundin veidd í varpstað (í Grimsey við Eyjafjörð) eða í grennd við hann. Lágmarkssekt fyrir að veiða fuglategundir þessar á ólöglegan hátt skal vera 500 krónur. Sömu lágmarkssekt skal sá sæta, er gerist sekur um ólöglegar æðarfuglaveiðar. Upptaka á ólöglegu veiðifangi, hagnaði af veiði og á veiðitækjum er heimil samkv. 69. gr. almennra hegningarlaga. Ekki er það upptöku til fyrirstöðu, þótt annar sé eigandi veiðitækis en sá, er sekur hefur reynzt um brot á lögunum.

2. Tilraun til ólöglegra fuglaveiða sætir refsingu sem fullframið brot. Hlutdeild í ólöglegum fuglaveiðum er refsiverð.

3. Það eru ólöglegar fuglaveiðar samkvæmt lögum þessum, ef maður veiðir fugla, þar sem hann á ekki veiðirétt, ef maður stundar fuglaveiðar með ólöglegum veiðiaðferðum eða veiðitækjum, eða ef maður veiðir fugla andstætt friðunarákvæðum laga þessara.

34. gr.

Ólögleg eggjataka varðar sektum frá 50 til 2000 krónum. Ítrekað brot varðar sektum frá 100 til 4000 krónum. Virða skal það refsingu til þyngingar, ef tekin eru egg fágætra fuglategunda, svo sem arnar, snæuglu, fálka eða haftyrdils. Lágmarkssekt fyrir ólöglega töku eggja þessara tegunda, svo og æðareggja, skal vera 300 krónur. Heimilt er að gera egg, sem ólöglega er aflað, upptæk samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga. Sama gildir um hagnað, sem fenginn er með ólöglegri eggjatöku.

35. gr.

Brot á ákvæðum 26.—31. gr. varðar sektum frá 50 til 5000 krónum. Upptaka á ólöglegum birgðum af fuglum, eggjum eða eggskurn er heimil, svo og á hagnaði af sölu þessara verðmæta.

36. gr.

Eigi má maður hleypa af skoti í annars manns landi án leyfis landeiganda eða ábúanda, nema lög mæli öðruvísi fyrir. Brot á þessu ákvæði, svo og á öðrum ákvæðum laga þessara, sem ekki er lögð sérstök refsing við í 15. og 33.—35. gr., varðar sektum frá 50 til 1000 krónum.

37. gr.

1. Sektir samkvæmt lögum þessum, svo og upptæk verðmæti, renna í sýslusjóð eða bæjarsjóð, þar sem brot er framið. Upptækt veiðifang samkv. 33. og 34. gr. eða andvirði þess skal þó renna til veiðiréttarhafa þess, er misgert var við, nema fuglar hafi verið veiddir eða egg tekin andstætt friðunarákvæðum laganna.

2. Nú er brot framið í fleiri lögsagnarumdæmum en einu, og skiptast þá sektir og upptæk verðmæti að jöfnu milli sýslusjóða eða bæjarsjóða.

38. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum og reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, skulu rekin að hætti opinberra mála.

39. gr.

1. Með lögum þessum eru úr gildi numin eftirfarandi lög og lagaákvæði:
Ákv. tilsk. 20. júní 1849, um veiði, þau, er að fuglaveiðum lúta.
Lög nr. 13/1894, um fuglaveiðasamþykkt í Vestmannaeyjum.
Lög nr. 20/1912, um samþykkt um veiði í Drangey.
Lög nr. 59/1913, um friðun fugla og eggja, ásamt síðari breytingum.
Lög nr. 42/1921, um friðun lunda.
Ákvæði laga nr. 31/1922, um breytingu á lögum nr. 34/1915, um dýraverndun, að því er varðar fuglaveiðar, og reglur, er settar hafa verið samkvæmt þeim.
Lög nr. 74/1941, um friðun æðarfugls.
Lög nr. 107/1950, um breytingu á lögum nr. 83/1940, um friðun arnar og vals.
2. Önnur ákvæði eldri laga, sem ekki fá samrýmzt ákvæðum laga þessara, eru úr gildi numin.

40. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar árið eftir, að þau hljóta staðfestingu.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp til laga um fuglaveiðar og fuglafriðun var lagt fyrir Alþingi 1951 sem stjórnarfrumvarp. Menntamálanefnd neðri deildar fékk það til meðferðar. Lagði nefndin til í álitinu sínu, að málið yrði að því sinni afgreitt með rökstuddri dagskrá um að ríkisstjórnin leitaði umsagna sýslunefnda og bæjarstjórna um frumvarpið. Þingi lauk áður en málið kæmi til umræðu á ný og varð hvorki hin rökstudda dagskrá afgreidd né frumvarpið útrætt. Menntamálaráðuneytið sendi frumvarpið sýslunefndum til umsagnar og bæjarstjórn Vestmannaeyja. Síðan var nefnd sú, er undirbjó frumvarpið í öndverðu, beðin að athuga þau svör, er bárust. Að því búnu sendi ráðuneytið frumvarpið til menntamálanefndar nd. hinn 13. nóvember 1952 með beiðni um að það yrði flutt á því þingi, en af því varð eigi. Nú er frv. lagt fyrir Alþingi á ný, að nokkru breytt í samræmi við athugun og endurskoðun nefndarinnar, svo sem nánar er vikið að í greinargerð hennar, sem prentuð er hér á eftir. — Þá hefur ráðuneytið sjálft breytt frv. í samráði við nefndina. Eru þær breytingar helztar, að felldar eru niður tvær greinar: 11. og 13. gr., en breytt er í heimild ákvæðum 29. og 30. gr. (nú 27. og 28. gr.), um auðkenningu fugla, sem njóta tímabundinnar friðunar, þegar verzlað er með þá á friðunartímanum. Ef til slíkra framkvæmda kæmi mundi lögreglustjórum væntanlega falið að sjá um auðkenninguna.

Athugasemdir þær, er fylgdu frv. 1951, er það var lagt fyrir Alþingi hið fyrra sinn, eru prentaðar hér á eftir, nema hvað tilvisun í greinar er breytt til samræmis við greinatöluna eins og hún er nú, og felldar úr umsagnir um greinar og atriði, sem eigi eru lengur í frumvarpinu.

Þar á eftir er prentað álit fuglafriðunarnefndar á umsögnum sýslunefnda og tillögur nefndarinnar til breytinga. Sleppt er þó hugleiðingum um greinar, sem ráðuneytið hefur fellt úr.

„Hinn 24. apríl 1948 gerðist Ísland aðili að alþjóðasambandi um fuglaverndun (The International Committee for Bird Preservation) og skipaði menntamálaráðuneytið þá nefnd fimm manna til þess að koma fram gagnvart sambandinu. Í nefndina völdust dr. Finnur Guðmundsson, náttúrufræðingur, formaður, Agnar Kofoed-Hansen, flugvallarstjóri, Kristinn Stefánsson, læknir, — allir skipaðir án tilnefn-

ingar, — Sigurður E. Hlíðar, yfirdýralæknir, skipaður samkvæmt tillögu Dýra-
verndunarfélags Íslands, og Þorsteinn Einarsson, íþróttafulltrúi, skipaður samkv.
tillögu Hins íslenska náttúrufræðifélags.

Með bréfi, dagsettu 29. apríl 1948, fól menntamálaráðuneytið nefnd þessari að
endurskoða gildandi lagaákvæði um friðun fugla og eggja og skila ráðuneytinu
tillögum sínum í frumvarpsformi svo snemma, að unnt yrði að leggja þær fyrir
Alþingi haustið 1948.

Nefndin hefur nú lokið störfum og skilað frumvarpi því, er hér liggur fyrir.
Við samningu þess hefur hún haft til hliðsjónar löggjöf ýmissa landa Evrópu og
Ameríku um fuglaveiðar og fuglafriðun. Ármann Snævarr, prófessor, hefur starfað
með nefndinni að samningu frumvarpsins.

Hér fara á eftir skýringar og athugasemdir nefndarinnar við frumvarpið:

„Áður en vikið verður að athugasemdum og skýringum við einstaka kafla og
greinar frumvarpsins, þykir rétt að gera nokkra grein fyrir helztu alþjóðaaðgerðum
í fuglaverndunarmálum, en þær eru að sjálfsögðu sá grundvöllur, sem frumvarp
til laga um fuglafriðun og fuglaveiðar verður að hvíla á.

Alþjóða-fuglaverndunarsambandið.

Alþjóða-fuglaverndunarsambandið (The International Committee for Bird
Preservation, venjulega skammstafað I. C. B. P.) var stofnað árið 1922. Aðalhvata-
maður að stofnun þess var Bandaríkjamadurinn dr. T. Gilbert Pearson. Aðilar að
sambandinu eru nú 38 ríki, þar af 22 í Evrópu. Fuglaverndunarsambandið er byggt
upp á þann hátt, að í hverju ríki eða landi, sem gerist aðili að sambandinu, skal
sett á laggirnar fuglafriðunarnefnd eða deild, sem kemur fram fyrir hönd við-
komandi ríkis eða lands sem aðili í alþjóðasambandinu. Formenn hinna einstöku
ríkjadeilda mynda síðan ásamt forseta og tveimur varaforsetum sambandsins fram-
kvæmdaráð þess.

Aðaltilgangur alþjóða-fuglaverndunarsambandsins er að vinna að og auka áhuga
á skynsamlegum og samræmdum ráðstöfunum til verndunar villtum fuglum. Mönn-
um hefur lengi verið það ljóst, að slíkar ráðstafanir þyrfti nauðsynlega að auka
mjög og samræma betur en verið hefur, ef koma ætti í veg fyrir stórkostlega hnign-
un fuglalífs almennt og gereyðingu sumra tegunda. Einkum virtist mjög aðkallandi
að koma betri skipan á friðun farfugla, sem oft fara yfir mörg þjóðlönd á ferðum
sínun milli sumar- og vetrarheimkynna sinna. Verndun slíkra fugla er því ekki
einkamál neins ákveðins ríkis eða lands, heldur er hér um að ræða alþjóðlegt vanda-
mál. Það liggur í augum uppi, að ráðstafanir til verndunar slíkum fuglum ná ekki
tilgangi sínum, nema þær séu framkvæmdar alls staðar þar, sem viðkomandi tegund
fer um á hinum árlegu ferðum sínum. Það er því eitt af þýðingarmestu verkefnum
fuglaverndunarsambandsins að koma á samræmdri friðun farfugla.

Annað meginverkefni fuglaverndunarsambandsins er að stuðla að vísindaleg-
um rannsóknum á orsökum þeim, sem valda hnignun og eyðingu fuglalífs. Slíkar
rannsóknir hafa leitt margt óvænt í ljós. Meðal annars hefur komið í ljós, að veiðar,
innan vissra takmarka, hafa oft og tíðum miklu minni áhrif á villta fuglastofna en
áður hafði verið álitid. En aftur á móti hefur það sýnt sig, að skerðing lífsskilyrða
er oft miklu algengari og alvarlegri orsök fækkunar og jafnvel gereyðingar villtra
fugla. Aukið þéttbýli, aukin ræktun og margt fleira, sem er samfara búskap manns-
ins og nýtnun hans á auðlindum náttúrunnar, eru allt atriði, sem í stöðugt ríkar
mæli ógna tilveru fjölmargra fuglategunda. Það má t. d. búast við því, að það geti
haft alvarlegar afleiðingar fyrir íslenskt fuglalíf, ef framvegis verður lagt jafn-
mikið kapp á framræslu og þurrkun íslenskra mýra og nú er gert. En hvað sem
þessu líður, þá er víst, að margir þeir, sem fyrr og síðar hafa beitt sér fyrir aukinni
fuglafriðun, hafa oft látið stjórnast um of af tilfinningasemi og hafa því þrátt fyrir
einlægan vilja oft gert meira ógagn en gagn í þessum málum. Alþjóða-fuglavernd-

unarsambandið leggur hins vegar ríka áherzlu á að skapa traustan, vísindalegan grundvöll sem undirstöðu undir aðgerðum sínum í fuglaverndunarmálum.

Danmörk gerðist snemma aðili að alþjóða-fuglaverndunarsambandinu, og danska deild sambandsins, sem skipuð er 4 mönnum, kom einnig fram í þeim samtökum sem fulltrúi Íslands. Eftir stofnun lýðveldis á Íslandi 1944 tilkynnti danska deildin stjórn sambandsins, að vegna hinna breyttu aðstæðna liti hún svo á, að hún gæti ekki lengur komið fram sem fulltrúi Íslands í sambandinu. Sem svar við þessari tilkynningu dönsku sambandsdeildarinnar sneri stjórn sambandsins sér til íslenzku ríkisstjórnarinnar vorið 1946 með ósk um, að Ísland gerðist sjálfstæður aðili að samtökunum. Eftir að málaleitun þessi hafði verið tekin til rækilegrar athugunar, ákvað ríkisstjórn Íslands að taka þessu boði, og hinn 24. apríl 1948 skipaði þáverandi menntamálaráðherra 5 manna nefnd til þess að koma fram fyrir Íslands hönd í samtökunum, eins og fyrr er frá greint.

Alþjóðasamþykktir um fuglaverndun.

Fyrsta alþjóðasamþykkt um fuglaverndun var gerð í París árið 1902. Samþykkt þessi, sem nefndist *Convention Internationale pour la Protection des Oiseaux utiles à l'Agriculture*, er fyrir löngu orðin úrelt, enda náði hún aldrei nema til þeirra tegunda, sem þá var álitid, að væru gagnlegar landbúnaði.

Eftir að alþjóða-fuglaverndunarsambandið var stofnað, hófst það brátt handa um undirbúning að nýrri alþjóðasamþykkt um fuglaverndun, er taka skyldi við af Parísarsamþykktinni frá 1902. Á fundi sambandsins í Vínarborg 1937 var lagt fram uppkast að slíkri samþykkt, en ófriðurinn 1939 stöðvaði framgang málsins í bili. Að stríðinu loknu var málið tekið upp að nýju, og á fundum sambandsins í London og Brüssel 1947 og í París 1948 var Vínaruppkastið rætt og tekið til rækilegrar endurskoðunar. Hinn 17. og 18. október 1950 var málið loks rætt á fundi í París, og þar var uppkastið samþykkt og afgreitt endanlega af hálfu fuglaverndunarsambandsins.

Íslenzku ríkisstjórninni hefur nú verið send samþykkt þessi til athugunar með ósk um, að Ísland gerist aðili að henni. Telja má víst, að íslenska ríkisstjórnin muni fullgilda samþykktina, þegar þar að kemur, enda munu Íslendingar almennt ekki vilja skerast úr leik, þegar um jafnþýðingarmiklar aðgerðir í fuglaverndunarmálum er að ræða. Með tilliti til væntanlegrar aðildar Íslands að samþykktinni, hefur verið leitast við að hafa frumvarp það, sem hér liggur fyrir, í sem beztu samræmi við ákvæði hennar. Til aukins skilnings á ýmsum greinum frumvarpsins er því nauðsynlegt að vita deili á ákvæðum samþykktarinnar, og er hún því birt hér í heild í íslenskri þýðingu.

Alþjóðasamþykkt um verndun fugla.

Uppkast að samþykkt um breytingu á Parísarsamþykktinni frá 19. marz 1902 (Samþykkt um friðun fugla, sem gagnlegir eru landbúnaði), samþykkt á fundi, er haldinn var í París 17. og 18. október 1950.

Með því að þeim aðilum, er samþykktina gera, er ljós sú gereyðingarhætta, sem vofir yfir vissum tegundum fugla, og stendur líka stuggur af ískyggilegri fækkun annarra tegunda, einkum farfugla,

og með tilliti til þess, að frá sjónarmiði vísindalegrar þekkingar, náttúruverndunar og þjóðarbúskapar ættu í rauninni allir fuglar að njóta friðunar,

hafa þeir komizt að þeirri niðurstöðu, að þörf sé breytinga á Parísarsamþykktinni frá 1902 (Alþjóðasamþykkt um friðun fugla, sem gagnlegir eru landbúnaði), og þar af leiðandi leggja þeir til, að textinn verði á þessa leið:

1. gr.

Samþykkt þessi skal taka til allra villifugla.

2. gr.

Aðilar samþykktarinnar telja, að með þeim undantekningum, sem gert er ráð fyrir í 6. og 7. grein eigi yfir höfuð að friða:

- a. alla fugla, að minnsta kosti um varptímann, og sömuleiðis farfugla þann tíma, sem þeir hverfa aftur til varpstöðva sinna, einkum í marz, apríl, maí, júní og júlí;
- b. þær tegundir, sem gereyðing vofir yfir eða eru visindalega merkilegir, allt árið.

3. gr.

Með þeim undantekningum, sem gert er ráð fyrir í 6. og 7. grein, skal bannað á friðunartíma tegundarinnar að flytja inn, flytja út, flytja til, selja, bjóða til kaups, kaupa eða geyma nokkurn þann fugl, eða jafnvel hluta af fugli, lifandi eða dauðan, sem ólöglega var drepinn eða fangaður.

4. gr.

Með þeim undantekningum, sem gert er ráð fyrir í 6. og 7. grein, skal bannað á friðunartíma hvernar tegundar, og sér í lagi um varptímann, að færa úr stað eða ónýta hreiður, sem fuglar eru að gera sér eða liggja í, að taka eða skemma, flytja til, flytja út eða inn, að selja, bjóða til kaups, að kaupa og að ónýta egg eða eggskurn fugla. Sömu ákvæði skulu og gilda um unga villtra fugla.

Bann þetta skal ekki taka til eggja, sem tekin eru með löglegum hætti, enda fylgi þeim vottorð um, að þau séu ætluð til útungunar eða til visindalegra nota eða þau séu undan alifuglum. Og vegna sérstakra og viðurkenndra ástæðna skal bann þetta ekki taka til vepjueggja í Hollandi.

5. gr.

Aðilar samþykktarinnar skuldbinda sig til að banna eftirtaldar (veiði)-aðferðir, sem valdið geta fjöldadrápi fugla eða föngun eða bakað þeim kvalir að nauðsynjalausu. Og í þeim löndum, þar sem slíkar aðferðir eru nú heimilær samkv. lögum, skuldbinda aðilar samþykktarinnar sig til að taka smám saman í lög þau ákvæði, er banni þær eða setji notkun þeirra takmörk:

- a. snörur, lím, gildirur, öngla, net, eitrad eða deyfandi agn, blindaða bandingja;
- b. tálgildirur fyrir endur;
- c. spegla, blys og annan ljósaútbúnað;
- d. net eða aðrar fiskveiðatilfæringar til þess að veiða sundfugla;
- e. marghlaðnar eða sjálfhlaðnar haglabyssur, sem taka fleiri en tvö skothylki;
- f. yfirleitt öll skotvopn önnur en þau, sem skjóta má með frá öxl;
- g. notkun vélknúinna báta til þess að elta eða skjóta fugla á ósöltu vatni og, frá 1. marz til 1. október, á sjó innan landhelgi eða með ströndum fram;
- h. notkun vélknúinna farartækja á landi eða flugvéla til þess að skjóta fugla eða reka þá;
- i. að heitið sé verðlaunum fyrir að fanga fugla eða eyða þeim;
- j. heimild til þess að skjóta fugla eða veiða þá í net skal háð takmörkunum á öllum árstímum og afnumin með öllu um varptímann á sjó, í fjörum og með ströndum fram;
- k. allar aðrar aðferðir, sem stefna að fjöldaveiði eða fjöldadrápi fugla.

Undantekningar frá ákvæðum þessarar greinar eru tilgreindar í 6. og 7. grein.

6. gr.

Ef einhver fuglategund á tilteknu svæði er líkleg til þess annað hvort að reynast hættuleg nytjagróðri eða dýrum með skaða þeim, er hún gerir á ökrum, vín-

ekrum, matjurtagörðum, aldingörðum, skógum, veiðidýrum eða fiski, eða er líkleg til að eyða eða fækka einni eða fleiri tegundum, sem æskilegt er að viðhalda, skal réttum stjórnarvöldum heimilt, með því að veita einstaklingum leyfisbréf, að létta af banni því, er 2. til 5. grein fyrirskipa, að því er til þeirrar tegundar kemur.

Eigi að síður skal það vera ólöglegt að kaupa eða selja fugla, sem veiddir eru samkvæmt undanþágu þessari, eða flytja þá burt af því svæði, þar sem þeir voru veiddir.

Nú eru í landslögum einhver önnur ákvæði, er gera það kleift að draga úr spjöllum af völdum tiltekinna fuglategunda, og mega þá aðilar að samþykktinni láta þau ákvæði haldast, að því tilskildu, að tryggt sé, að tilveru viðkomandi tegundar sé ekki stefnt í hættu.

Með því að sérstakir atvinnuhagsmunir eru í húfi í Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og Færeyjum, mega rétt stjórnarvöld í löndum þessum gera undanþágur og leyfa sérstök frávik frá ákvæðum þessarar samþykktar. Ef Ísland skyldi gerast aðili að samþykktinni, mundu hinar sömu undanþágur og frávik verða leyfð þar, skyldi þess verða æskt.

Í engu landi skal neitt það aðhafzt, er leiði til geryðingar þeirra staðfugla eða farfugla, sem um ræðir í þessari grein.

7. gr.

Undanþágur frá ákvæðum þessarar samþykktar mega rétt stjórnarvöld veita í þágu vísinda og fræðslu, eða ef um er að ræða viðreisn fuglastofna, klak, og uppeldi veiðifugla, eða fálkahald, eftir því sem á stendur, og að því tilskildu, að nauðsynlegrar varúðar sé gætt til þess að girða fyrir misnotkun.

Ákvæði 3. og 4. gr. um tilflutning (transport) skulu ekki gilda í brezka konungsríkinu.

Í engu landi skal bann 3. greinar taka til fiðurs af þeim tegundum fugla, sem leyfilegt er að veiða í því landi.

8. gr.

Aðilar samþykktarinnar skuldbinda sig til að gera skrá yfir þá fugla, sem leyfilegt verður að drepa eða fanga í landi hvers þeirra, samkvæmt þeim skilyrðum, er samþykkt þessi setur.

9. gr.

Hvert land skal hafa rétt til að gera skrá yfir þær fuglategundir, staðfugla og farfugla, sem einstaklingar mega halda föngrum, og skal þar kveða á um þær aðferðir, er leyfilegar eru við föngunina, og sömuleiðis um það, við hvaða aðstæður megí flytja fuglana til og geyma þá fangna. Hvert land skal setja reglur um verzlun með slíka fugla og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að takmarka hana.

10. gr.

Aðilar að samþykktinni skuldbinda sig til að rannsaka og gera viðeigandi ráðstafanir til að varna tortímingu fugla af völdum úrgangsolíu frá skipum eða annarri saurgun vatns, eða af völdum vita, rafmagnsstrengja, skordýraeiturs eða annars eiturs, svo og vegna annarra hliðstæðra orsaka.

Þeir skulu leitast við að glæða hjá börnum og almenningi skilning á nauðsyn þess að vernda og friða fugla.

11. gr.

Til þess að bæta úr afleiðingum þess, að hentugum varpsvæðum fyrir fugla fækkar sem óðast fyrir aðgerðir manna, skuldbinda aðilar samþykktarinnar sig til þess að hvetja til þess þegar í stað og stuðla að því með öllum viðeigandi ráðum, að bæði á sjó og landi verði friðlýst ákveðin svæði af hentugri stærð og á hentug-

um stöðum, þar sem fuglar geti orpið og komið upp ungum sínum óáreittir og þar sem farfuglar geti einnig hvilzt og aflað sér ætis í friði.

Samþykkt þessa skal fullgilda, og skal hún haldast í gildi meðal allra ríkja, er undirrita hana. Fari svo, að eitthvert þeirra segi henni upp, skal sú uppsögn aðeins taka til hlutaðeigandi ríkis og ekki taka gildi fyrr en að ári liðnu frá því, er uppsögnin var tilkynnt aðilum samþykktarinnar.

Þær þjóðir, sem ekki hafa undirritað samþykktina, skulu hafa rétt til að gerast aðilar að henni, þegar er þær æskja þess.

Þau ríki, er voru aðilar að samþykktinni frá 1902, en hafa ekki fullgilt þessa samþykkt, skulu framvegis vera bundin af ákvæðum samþykktarinnar frá 1902.

Athugasemdir og skýringar við frumvarpið.

Eftir að fuglafriðunarnefnd tók til við endurskoðun á lögum um friðun fugla og eggja, varð henni brátt ljóst, að óhjákvæmilegt væri að setja heildarlöggjöf um fuglaveiðar og fuglafriðun. Gildandi lagaákvæði um þessi efni eru sem kunnugt er mjög í molum, og um veiðirétt, veiðitæki, veiðiaðferðir og inn- og útflutning, kaup og sölu á fuglum eru ýmist alls engin eða þá mjög ófullkomin ákvæði í íslenskum lögum. Brýn fyrirmæli um þessi efni eru þó engu síður nauðsynleg en friðunar-ákvæðin sjálf.

Í frumvarpi þessu er reynt að draga saman í eina heild hin sundurleitu ákvæði í íslenskum lögum um rétt til fuglaveiða (sbr. I. kafla frv.), friðun fugla og veiðitíma (sbr. II. kafla) og ákvæðin um fuglaveiðasamþykktir (sbr. III. kafla). Hafa ákvæði þessi sætt rækilegri endurskoðun að efni til, og reynt hefur verið að gera þau skýrari og fyllri en verið hefur. Auk þess eru í frv. ýmis nýmæli. Í I. kafla frv. eru ákvæði, sem ný eru að stofni, um stjórn fuglafriðunar- og fuglaveiðimála. Þar er lögfest skipun fuglafriðunarnefndar og fjallað um verksvið hennar. Í IV. kafla frv. um veiðitæki og veiðiaðferðir og í V. kafla þess, er fjallar um inn- og útflutning fugla, kaup og sölu þeirra, eru ýmis nýmæli, og verður þeirra getið á sínum stað hér á eftir. Loks eru sett heildarákvæði um refsingu fyrir ólöglegar fuglaveiðar og önnur brot á ákvæðum frv. í VI. kafla. Eru refsímörk fésekta þar færð til samræmis við breytt gildi peninga og efni refsíákvæðanna gert einfaldara en áður var.

Um I. kafla.

Í þessum kafla eru heildarákvæði um rétt til fuglaveiða. Enn fremur er þar mælt fyrir um heimild starfsmanna við dýrafræðideild náttúrugripasafnsins til að veiða fugla og safna eggjum, og loks er kveðið á um stjórn fuglafriðunar- og fuglaveiðimála.

Um 1. gr.

Í I. kafla frv. er yfirleitt fjallað um rétt til fuglaveiða. Þykir því hlýða, að frv. hefjist á því að skýrgreina hugtakið fuglaveiðar, enda reynir oft á það síðar í frv. Þess ber að geta, að í 33. gr., 3. málgr., er kveðið á um það, hvað séu ólöglegar fuglaveiðar, svo að refsingu varði.

Um 2.—5. gr.

Efni ákvæðanna er að mæla fyrir um það, hverjir eigi rétt á fuglaveiðum, um takmarkanir á meðferð og ráðstöfun veiðiréttar, staðarmörk veiðiréttar og um veiðirétt í almenningum stöðuvatna, afréttum og almenningum utan landareigna lögbýla og um fuglaveiðar í landhelgi utan netlaga lögbýla. Ákvæði þessi eru að meginefni staðfesting á reglum tilskipunar 20. júní 1849 um veiði, en fyrirmæli frv. eru þó nokkru fyllri en tilskipunarinnar. Fyrirmæli II. kafla laga nr. 112/1941 um lax- og silungsveiði og II. kafla vatnalaga nr. 15/1923 voru höfð til hliðsjónar við samningu þessara ákvæða í frumvarpinu.

Ákvæði um veiði fugla hafa lengi verið í lögum hér á landi. Það er forn regla og föst, að landeiganda, og leiguliða eftir atvikum, sé áskilin veiði fugla. Á Þjóðveldistímabilinu var slík skipan þegar lögmæt, sbr. Grágás, Staðarhólsbók, 436. kap., sbr. 208. kap. Konungsbókar. Í Grágásarlögum, einkum 438. kafla Staðarhólsbókar, eru og ákvæði um samveiði og skiptingu hennar. Í 57. og 58. kap. Jónsbókar eru svipuð ákvæði í meginatriðum, en í síðarnefndum kapitula er konungi þó heimilað að láta veiða vali á hvers manns jörð, er hann vill, utan kirkjujarða. Fyrirmæli Jónsbókar um veiði fugla giltu í megindráttum hátt á sjöttu öld eða allt til þess, er veiðitilskipunin frá 20. júní 1849 var sett. Flest ákvæði þeirrar tilskipunar um það, hverjir eigi rétt til fuglaveiða og um staðarmörk veiðiréttar, eru enn í gildi.

Í 2.—5. gr. frv. eru handhöfum veiðiréttar settar ýmsar takmarkanir á meðferð og ráðstöfun veiðiréttarins vegna Þjóðfélagslegra hagsmuna. Ekki þykir þörf að skýra ávæði þessi hér, enda fela þau ekki í sér verulegar breytingar frá reglum þeim, er nú gilda.

Um 6. gr.

Ákvæði þessarar greinar eiga að tryggja það, að náttúrugripasafnið geti hindrunarlaust aflað sér fugla og eggja til vísindalegra þarfa, án þess að það hafi óhæfilegan kostnað í för með sér. Þetta ákvæði er hliðstætt ákvæðum l. nr. 112/1941, um lax- og silungsvæði, þar sem svo er fyrir mælt, að leyfilegt sé að veiða lax og silung hvar sem er til vísindalegra rannsókna. Ákvæði þessarar greinar má þó ekki skilja á þann veg, að með því sé veitt undanþága frá friðunarákvæðum frv.

Um 7. gr.

Erlendis heyra yfirleitt öll mál, er varða fuglaveiðar og fuglafriðun, undir landbúnaðarráðherra viðkomandi lands. Hér á landi hefur hins vegar menntamálaráðherra haft yfirumsjón slíkra mála, og í samráði við menntamálaráðuneytið er gert ráð fyrir því í frv., að sú skipan verði lögfest.

Með ákvæðum þessarar greinar er skipun fuglafriðunarnefndar lögfest, og þar er verksvið hennar markað. Um skipun nefndarinnar er lagt til, að sömu reglur gildi og farið var eftir við skipun hennar 1948. Verkefni nefndarinnar er þriðætt. Í fyrsta lagi á hún að vera ráðherra til ráðuneytis við setningu reglugerða um fuglafriðun og fuglaveiðar, og er skylt að leita tillagna nefndarinnar, þegar setja skal slíkar reglur. Í öðru lagi getur nefndin að eigin frumkvæði gert tillögur til ráðherra um allt það, er hún telur ástæðu til, í sambandi við þessi mál. Loks er það verkefni hennar að koma fram fyrir Íslands hönd í alþjóða-fuglaverndunar-sambandinu, er Ísland gerðist aðili að 1948, svo sem fyrr greinir.

Um II. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um friðun og veiðitíma (8. og 10.—12. gr.) og um bann við skotum í grennd við friðlýst æðarvörp og friðlýsingu æðarvarpa (9. gr.).

Höfuðákvæðin um friðun eru í 8. gr. Í 10. og 11. gr. er mælt fyrir um frávik frá meginreglum 8. gr., en í 14. gr. er kveðið á um staðgildi friðunarákvæða frv.

Um 8. gr.

Í þessari grein er kveðið á um friðun fugla og veiðitíma.

Í fornum lögum hérlendis gætir lítt fyrirmæla um fuglafriðun. Samkvæmt 436. kap. Staðarhólsbókar var það frávik frá almennum rétti landeiganda eða leiguliða til fuglaveiða á jörð, að ekki mátti veiða þernur, æður og andir nær annars manns landi en 2 hundruð faðma tólfræð sé til eggvers annars manns, „og eigi skal maður þá fugla veiða svo mjög í sínu landi, þó fírr sé eggveri hins, og skynsömum mönnum 6 þeim, er næstir búa, þyki þess ván, að eggver spillist af því“. Ákvæði

Þessi, sem miða til friðunar, voru tekin upp í Jónsbók, Landsleigubálk, 57. kap. Reglurnar sjálfar fara mjög hóflega í sakir um friðun, og í framkvæmdinni voru þær haldlitlar. Í verzlunartilskipuninni frá 1787 voru sett fyllri ákvæði um friðun æðarfugla en voru í Jónsbók. Friðun þessi var áréttuð með konungsráskurði 21. júlí 1808 og enn með konungsrásk. 17. júlí 1816, þar sem friðunin var lítillaga aukin. Með op. bréfi frá 21. apríl 1847 var alfriðun æðarfugls boðuð, og var sú skipan staðfest í veiðitilskipuninni frá 20. júní 1849. Í því lagaboði er hins vegar ekki vikið að friðun á öðrum fuglategundum. Fyrstu almennu fuglafriðunarlögin voru sett 17. marz 1882, en þau fjölluðu raunar einni um friðun hreindýra. Þykir rétt að greina hér frá ákvæðum þessara laga um fuglafriðun, þar sem það hefur menningarsögulegt gildi: „Kriur og spörfuglar allir, svo sem snjótittlingar, þúfutittlingar, mariuerlur, steindeplar og prestir skulu hvarvetna friðhelg á hverjum tíma árs sem er, en allir aðrir fuglar, utan hræfuglar og gripfuglar, lundi og bjargfugl, á tíma-bílinu frá 1. maí til 20. ágúst, og rjúpur frá 1. apríl til 20. ágúst. Net og skot skulu bönnuð við lundaveiði og fýlaveiði.“ Með lögum frá 16. des. 1885 var fjölgað fuglategundum, sem njóta skyldu friðunar, og sú þróun hefur haldið áfram með síðari lögum um friðun, er sett hafa verið, sbr. lög nr. 50 27. nóv. 1903 og lög nr. 59 10. nóv. 1913. Með lögum þessum hafa og egg fugla verið friðuð í ríkara mæli en fyrr var, og hert hefur verið á refsíákvæðum um brot á fuglafriðunarlögum. Samhliða hinum almennu friðunarlögum hafa verið sett friðunarlög um einstakar fuglategundir, svo sem um æðarfugla, sbr. lög nr. 58 10. nóv. 1913 og síðar lög nr. 74 frá 1941, sem nú eru í gildi, um lunda, sbr. lög nr. 41/1921 og erni og vali, sbr. lög 28. nóv. 1919. Samkvæmt þeim skyldu ernir vera alfriðaðir til 1940, en valir til 1930. Valir voru ekki friðaðir milli 1930 og 1940, en með lögum nr. 83/1940 voru báðar þessar tegundir friðaðar og eru það enn, sbr. lög nr. 107/1950, er heita friðun til 1960. Þess má að lokum geta í þessu yfirliti yfir fuglafriðunarlög, að stöku lög hafa heimilað að setja fuglaveiðasamþykktir á tilteknum veiðisvæðum, sbr. lög nr. 13/1894 og lög nr. 20/1912, er enn gilda.

Af þessu stutta yfirliti má ráða, að réttarþróunin hefur stefnt að siaukinni friðun fugla og eggja þeirra, og hefur löggjafinn reynt að gera friðunina virka með því að mæla fyrir um allmikil viðurlög, ef friðunarákvæðin eru ekki virt.

Í 8. grein frv. hafa verið felld í eina heild öll helztu friðunarákvæði gildandi laga, þ. e. laga nr. 59/1913, um friðun fugla og eggja, laga nr. 42/1921, um friðun lunda, laga nr. 74/1941, um friðun æðarfugls, og laga nr. 107/1950, um breytingu á lögum nr. 83/1940, um friðun arnar og vals. Í ákvæðum þessarar greinar felast veigamiklar breytingar frá friðunarákvæðum gildandi laga, og skal hér gerð grein fyrir þeim.

Í eldri fuglafriðunarlögum íslenskum, þar á meðal þeim, er nú gilda, er sá háttur hafður að telja upp þær fuglategundir, sem njóta alfriðunar. Í 8. gr. er annað skipulag haft. Í 2. málsg. eru allar þær tegundir taldar, sem leyfilegt er að veiða einhvern tíma árs. Allar tegundir, sem þar eru ekki nefndar, eru friðaðar allt árið, sbr. 1. málsg. Skipulag frv. er í samræmi við nýjustu fuglafriðunarlög erlend. Stuðlar það að því, að lögin verði einfaldari og aðgengilegri fyrir almenning. Hér á landi hafi nú náðst yfir tvö hunduðr tegundir fugla. Mikill meiri hluti þessara tegunda nýtur alfriðunar samkvæmt frv. Er þegar af þeirri ástæðu heppilegra og brotaminna að geta þeirra tegunda einna, sem heimilt er að veiða, en hinna, sem friðaðar eru. Sú krafa verður ekki gerð til almennings, að hann þekki allar fuglategundir, sem hér eru kunnar, en þess verður að krefjast, að menn viti deili á þeim fuglum, sem lögmætt er að veiða. Svo sem frumvarpið er orðað, er auðveldara fyrir almenning að kynna sér, hvaða viti sé að varast við fuglaveiðar, en er eftir gildandi lögum.

Vegna nauðsynlegs samanburðar skal þó birt hér skrá yfir þá varpfugla íslenska, svo og árvissa gesti og umferðafarfugla, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, að verði alfriðaðir.

Varpfuglar.

- | | |
|------------------|---------------------------------|
| 1. Skrofa | 19. Stelkur |
| 2. Litla sæsvala | 20. Hrossagaukur |
| 3. Stóra sæsvala | 21. Sendlingur |
| 4. Álft | 22. Lóuþræll |
| 5. Litla gráönd | 23. Þórshani |
| 6. Skeiðönd | 24. Óðinshani |
| 7. Húsönd | 25. Kría |
| 8. Straumönd | 26. Haftyrðill |
| 9. Æðarfugl | 27. Snæugla |
| 10. Haförn | 28. Brandugla |
| 11. Fálki | 29. Músarrindill |
| 12. Smyrill | 30. Skógarbröstur |
| 13. Keldusvín | 31. Steindepill |
| 14. Tjaldur | 32. Þúfutittlingur |
| 15. Heiðlóa | 33. Máriatla |
| 16. Sandlóa | 34. Stari |
| 17. Spói | 35. Auðnutittlingur |
| 18. Jaðrakan | 36. Snjótittlingur (sólskrikja) |

Árvissir gestir og umferðafarfuglar.

- | | |
|---------------------------|------------------|
| 1. Gráhegri | 10. Landsvala |
| 2. Æðarkóngur | 11. Bæjasvala |
| 3. Blesönd | 12. Kráka |
| 4. Vepja | 13. Bláhrafn |
| 5. Stóri spói (fjöruspói) | 14. Gráþröstur |
| 6. Tildra | 15. Svartþröstur |
| 7. Rauðbrystingur | 16. Silkitoppa |
| 8. Sanderla | 17. Bókfinka |
| 9. Stormmáfur | 18. Fjallafinka |

Ef við athugum fyrst varpfuglana, sjáum við, að ein tegund, sem nú er alfriðuð, er ekki talin þar með. Þessi tegund er hettumáfur, og verður nánar vikið að honum síðar. Aftur á móti gerir frumvarpið ráð fyrir, að smyrill verði alfriðaður, en hann nýtur nú engrar friðunar. Smyrli hefur fækkað mjög hin síðari ár, og þar sem hann hefur enga hagnýta þýðingu sem veiðifugl og spillir auk þess engum nytjum, hefur nefndin orðið sammála um að leggja til, að hann verði alfriðaður. Enn fremur hefur nefndin orðið sammála um að leggja til, að eftirtaldar átta tegundir, sem nú eru aðeins friðaðar frá 1. apríl til 1. ágúst ár hvert, skuli vera alfriðaðar: skrofa, litla sæsvala, stóra sæsvala, litla gráönd, skeiðönd, húsönd, straumönd og brandugla. Skrofa, litla og stóra sæsvala verpa hér á landi aðeins í Vestmannaeyjum og hafa enga hagnýta þýðingu, sem máli skiptir. Litla gráönd, skeiðönd og húsönd hafa allar mjög takmarkaða útbreiðslu hér á landi. Varpheimkynni þeirra eru aðallega í Mývatnssveit og nágrenni, og hinn íslenski stofn þessara tegunda er því tiltölulega mjög litill, og virðist því full ástæða til að láta þær verða meiri friðunar aðnjótandi en verið hefur. Straumönd verpur hins vegar í öllum landshlutum, en er óvíða eða hvergi algeng. Auk þess finnst hún hvergi í Evrópu utan Íslands, og hagnýta þýðingu sem veiðifugl hefur hún varla. Brandugla hefur setzt að hér á landi á síðustu áratugum og verpur nú orðið eitthvað í flestum landshlutum. Hún virðist þó eiga örðugt uppdráttar og fjölgar hægt, enda fellur hún oft í hörðum vetrum. Aðalfæða hennar eru mýs, en þó tekur hún einnig smærri fugla og fuglaunga. Brandugla er talin gera gagn með því að eyða músum og er því alfriðuð í nágrannalöndum okkar. Loks gerir frumvarpið ráð fyrir því, að haferni og fáka, sem nú eru friðaðir til ákveðins

tíma með sérstökum lögum, verði skipað í flokk alfriðaðra fugla, án þess að gert sé ráð fyrir, að friðun þeirra verði aflétt síðar. Um örninn þarf ekki að fjölyrða. Ef okkur er nokkur alvara í því að koma í veg fyrir gereyðingu hans hér á landi, kemur ekkert annað til greina en skilyrðislaus friðun, og verður að leggja ríka áherzlu á, að engar undanþágur verði veittar frá henni. Sama máli gegnir um fálkann. Honum hefur stöðugt farið fækkandi, og nú er svo komið, að hægt er að ferðast um landið þvert og endilangt, án þess að fáka bregði nokkurn tíma fyrir. Skoðanir margra á skaðsemi hinna eiginlegu ránfugla (hér á landi arnar, fálka og smyrils) eru að miklu leyti byggðar á hjátrú og bábiljum, enda hafa rannsóknir greinilega leitt í ljós, að það eru ekki þessar tegundir, sem ástæða er til að fækka, heldur allt aðrar tegundir, sem menn oft og tíðum amast ekkert við, eða halda jafnvel hlífiskildi yfir.

Um árvisna gesti og umferðafarfugla er það að segja, að 7 af þeim 18 tegundum, sem taldar eru í skránni, eru alfriðaðir samkvæmt gildandi lögum. Þessar tegundir eru: gráhegri, æðarkóngur, vepja, tildra, rauðbrystingur, landsvala og bæjasvala. Hinar tegundirnar á skránni eru ekki nefndar í lögum um friðun fugla og eggja frá 1913, og eru því samkvæmt því aðeins friðaðar frá 1. apríl til 1. ágúst ár hvert. Engar af þessum tegundum hafa nokkra verulega þýðingu sem veiðifuglar, og engar þeirra spilla nytjum. Nefndin er því sammála um að leggja til, að þær verði allar alfriðaðar, ekki sízt vegna þess, að búast má við, að sumar þeirra eigi eftir að ilendast hér sem varpfuglar, ef þær eru láttnar óareittar. Að lokum skal á það bent, að frumvarpið gerir ráð fyrir, að allir sjaldgæfir gestir og flækningar, sem vart verður við hér á landi og ekki eru taldir í skránni, skuli vera alfriðaðir (sbr. 1. málsg. 8. gr). Í lögnum frá 1913 eru allir slíkir fuglar aðeins friðaðir frá 1. apríl til 1. ágúst, enda þótt flestir þeirra sjáist hér aðeins á haustin og veturna.

Í 2. málsg. 8. gr. eru taldar þær tegundir, sem heimilt er að veiða, og er þeim skipt í 7 flokka eftir því, á hvaða tíma árs veiðar þeirra eru heimilar. Nefndin hefði kosið að hafa flokkana færri, en vegna þess, hve varphættir og aðrir lífs-hættir tegundanna eru mismunandi, varð ekki komið hjá þessari flokkaskiptingu. Í samræmi við alþjóðasamþykktina gerir frumvarpið ráð fyrir, að allar íslenskar fuglategundir, að þremur undanskildum, njóti friðunar um varptímann. Til samanburðar má geta þess, að samkvæmt gildandi lögum eru tegundirnar 21, sem engar friðunar njóta.

Í a-flokki eru taldar þær tegundir, sem meiri hluti nefndarinnar (F. G., K. S., Þ. E.) leggur til, að heimilt sé að veiða allt árið. Þessar tegundir eru: kjói, svartbakur (veiðibjalla) og hrafn. Meiri hlutinn er þeirrar skoðunar, að íslensku fuglalífi almennt sé svo mikil hættu búin af völdum þessara tegunda, að friðun þeirra komi ekki til greina. Auk þess valda þessar tegundir margvíslegu öðru tjóni, þótt það verði ekki rakið hér. Þessar tegundir hafa aldrei notið neinnar friðunar hér á landi, og það er alls ekki í ósamræmi við alþjóðasamþykktina, þótt vissar tegundir séu undanskildar friðun um varptímann. Nefndinni er ekki heldur kunnugt um, að nokkurt land hafi séð sér fært að friða alla fugla um varptímann. Minni hluti nefndarinnar (A. K.-H., S. E. H.) leggur eigi að síður til, að tegundir þessa flokks verði friðaðar um varptímann sem aðrir fuglar.

Í b-flokki eru skúmur, máfar (að undanskildum svartbaknum) og svartfuglar, þar með talin teista og lundi. Hér er yfirleitt um mjög algenga fugla að ræða, sem sumir hverjir eru til talsverðra nytja (svartfuglar), en aðrir eru nytjaspillar (skúmur, sumir máfar). Ein tegundin í þessum flokki, hettumáfurinn, er alfriðuð samkvæmt lögum um friðun fugla og eggja frá 1913. Hettumáfurinn var þá mjög sjaldgæfur hér á landi, enda var hann þá að byrja að setjast hér að, en nú er hann hins vegar orðinn svo algengur og útbreiddur, að engin ástæða er til að gera mun á honum og öðrum máfum. Sama máli gegnir um litla svartbak og silfurmaf. Þeir hafa báðir ilenz til hér eftir 1920, og eru því ekki nefndir í lögnum frá 1913, en eru nú orðnir allalengir og útbreiddir. Allar aðrar tegundir í þessum flokki njóta engar

friðunar samkvæmt gildandi lögum, nema hvað nokkrar takmarkanir eru settar við lundaveiði með l. nr. 42/1921, um friðun lunda.

Ekki hefur náðst samkomulag í nefndinni um veiðitíma tegundanna í þessum flokki. Meiri hlutinn (A. K.-H., F. G., K. S.) leggur til, að hann verði frá 15. ágúst til 19. maí, en minni hlutinn (S. E. H., Þ. E.), að hann verði frá 15. ágúst til 30. apríl.

Nær allar tegundirnar í þessum flokki byrja að verpa um mánaðamótin maí og júní. Minni hlutinn telur, að með því að leyfa veiði þessara tegunda til 19. maí, sé gengið of nærri fuglum, sem komnir eru að varpi. Afstaða meiri hlutans byggist hins vegar á því, að nytjar þær, sem menn hafa haft af svartfuglaveiðum á vorin, væru að mestu úr sögunni, ef veiðitímanum lyki 30. apríl. Vorveiðar þessar hafa sums staðar talsverða þýðingu, einkum við Faxaflóa, þar sem veitt er fyrir Reykjavíkurmargað. Skilyrði til þessara veiða eru hins vegar ekki fyrir hendi fyrr en um mánaðamótin apríl og maí, þegar svartfuglinn fer fyrir alvöru að leita til lands. Meiri hlutinn leggur því til, að leyft verði að veiða þessar tegundir til 19. maí. Með því móti yrði að vísu réttur til þessara nytja skertur mjög frá því, sem hefur verið, en þó ekki aftekinn með öllu.

Í c.-flokki eru gæsir og endur. Tvær tegundanna í þessum flokki, helsingi og margæs (hrotgæs) hafa hingað til verið ófriðaðar samkvæmt islenzkum lögum, en það nær auðvitað ekki nokkurri átt. Það er engu minni nauðsyn á friðun þessara tveggja tegunda en hinna tegundanna í þessum flokki. Hinar gæsategundirnar, svo og endurnar í þessum flokki, hafa verið friðaðar frá 1. apríl til 1. ágúst, og veiðitíminn hefur því verið frá 2. ágúst til 31. marz. Í frumvarpinu er hins vegar gert ráð fyrir, að veiðitíminn verði frá 20. ágúst til 31. október. Það er mjög þýðingarmikið atriði, að veiðitíminn byrji ekki fyrr en 20. ágúst, því ungar þessara tegunda eru yfirleitt ekki fleygir fyrr en um það leyti. Það verður því ekki hjá því komizt að láta veiðitímann hefjast síðar en verið hefur. Enn fremur er alveg þýðingarlaust að leyfa veiði á tegundum þessa flokks eftir 31. október, því að þær eru allar farfuglar eða umferðafarfuglar og eru allar farnar af landi burt fyrir þann tíma. Í apríl fara þær svo að koma aftur, en þá kemur auðvitað ekki til mála, að leyft sé að veiða þær.

Í d.-flokki eru 3 andategundir, sem eru staðfuglar hér á landi, að minnsta kosti að nokkru leyti. Frumvarpið gerir ráð fyrir, að veiðitími þeirra hefjist á sama tíma og hjá tegundunum í síðasta flokki, og liggja sömu líffræðilegu orsakir til þess, að hann má ekki byrja fyrr. Hins vegar er gert ráð fyrir því, að veiðitími þeirra standi lengur eða til 29. febrúar, enda eru þetta einu andategundirnar, sem eru staðfuglar hér og leyft er að veiða.

Í e.-flokki eru fýll, súla og skarfar (dílaskarfur og toppskarfur). Allar þessar tegundir eru ófriðaðar samkvæmt gildandi lögum, nema hvað nokkur ákvæði eru þar um friðun fýls. Frumvarpið gerir hins vegar ráð fyrir, að allar þessar tegundir verði friðaðar um varptímann eða frá 1. apríl til 19. ágúst, og verður veiðitími þeirra samkvæmt því frá 20. ágúst til 31. marz. Tegundir þessar, einkum þó súla og skarfar, verpa óvenju snemma, og má friðunartími þeirra því ekki byrja síðar en 1. apríl. — Þess skal getið hér, að með augl. nr. 106/1940, gefinni út samkvæmt l. nr. 70/1940, um ráðstafanir til varnar gegn fýlasótt, er fýlungatekja bönnuð með öllu hér á landi, eins og sakir standa. Hins vegar er heimiluð veiði fullorðins fýls (vetrarfýls), svo og fýlseggjatekja.

Tegundirnar, sem taldar eru í f.-flokki, eru til lítilla eða engra nytja, en þær valda hins vegar talsverðu tjóni í veiðivötnum og ám. Frumvarpið gerir ráð fyrir, að friðunartími þeirra verði tiltölulega stuttur eða aðeins frá 1. maí til 19. ágúst. Allar þessar tegundir eru ófriðaðar samkvæmt gildandi lögum.

Þar sem nú stendur yfir tilraun til að fá úr því skorið, hvort ofveiðar valdi rjúpnaleysistímabilum, telur meiri hluti nefndarinnar (A. K.-H., F. G., K. S., Þ. E.) ekki rétt að gera breytingar á friðun rjúpnunnar nú. Stytting veiðitímans nú mundi ef til vill stuðla að því, að árangurinn af þessari tilraun yrði ekki eins ótvíræður

og ella. Nefndin leggur því til, að ákvæði gildandi laga um friðun rjúpu haldist óbreytt. En það útilokar auðvitað ekki, að síðar megi taka þetta atriði til endurskoðunar, enda er betri aðstaða til slíks, þegar fyrir liggja ótvíræðar niðurstöður um árangur af tilraun þeirri, sem nú stendur yfir. Að öðru leyti vísar meiri hlutinn til álitserðar Finns Guðmundssonar um þetta efni, er alþingismenn hafa átt kost á að kynna sér. Minni hluti nefndarinnar (S. E. H.) leggur hins vegar til, að veiðitími rjúpunnar verði stytur um mánuð og verði eftirleiðis frá 15. nóv. til 31. des.

Ákvæði 3. málsgr. um, að friðunarákvæði 1. og 2. málsgr. skuli einnig taka til eggja og hreiðra þeirra tegunda, sem njóta algerðrar eða tímabundinnar friðunar, eru svo sjálfsgöð, að þau þurfa ekki skýringa við. Í þessu sambandi skal þó á það bent, að samkvæmt gildandi lögum eru aðeins egg alfriðaðra fugla friðuð, svo og rjúpuegg. Hins vegar hafa engar hömlur verið á töku eggja annarra fugla, er njóta tímabundinnar friðunar.

Um 9. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru að mestu tekin óbreytt upp úr lögum nr. 74/1941, um friðun æðarfugls. Önnur helztu ákvæði þeirra laga hafa verið felld inn í frumvarpið á viðeigandi stöðum.

Um 10. gr.

Með ákvæðum þessarar greinar eru veittar undanþágur frá friðunarákvæðum 8. gr. til að stunda hefðbundnar nytjar, sem menn hér á landi hafa haft af fugla- og eggjatekju. Á takmörkuðum svæðum hafa slíkar nytjar enn talsverða hagnýta þýðingu, og verður ekki komið hjá því að taka fullt tillit til þess.

Í 1. málsgr. ræðir um not þau, sem menn hafa haft af sjófuglum, en þau eru einkum fólgin í nytjum fuglabjarga. Vegna breyttra atvinnuhátta hefur þessi forni atvinnuvegur farið stöðugt hnignandi, það sem af er þessari öld, og nú er svo komið, að sum af mestu fuglabjörgum landsins eru alls ekki nytjuð lengur. Það virðist því auðsætt, að þess gerist sízt þörf nú að setja hömlur á nytjun þessara hlunninda. Auk þess er einstaklingafjöldi hjá flestum þeim sjófuglategundum, sem hér er um að ræða, mjög mikill, og stofnar þeirra þola því miklar veiðar, án þess að hætta sé á, að þeir gangi til þurrðar.

Þess skal getið, að minni hluti nefndarinnar (S. E. H., P. E.) leggur til, að við 1. málsgr. 10. gr. verði bætt eftirfarandi ákvæðum:

- a. Óheimilt er að taka egg unráedra tegunda eftir 14. júní.
- b. Lundaveiðar með háf má eigi stunda fyrr en eftir 30. júní.

Meiri hlutinn (A. K.-H., F. G., K. S.) er út af fyrir sig hlynntur slíkum ákvæðum, en telur þau eiga betur heima í fuglaveiðasamþykktum en í lögum (sbr. athugasemdir við III. kafla frumvarpsins hér á eftir).

Undanþága sú til eggjatöku, sem felst í 2. málsgr., er aðallega miðuð við Mývatnssveit. Íbúar þessarar sveitar hafa verulegar tekjur af andareggjum, og nefndin er þeirrar skoðunar, að friðunarákvæði frumvarpsins megi ekki vera til fyrirstöðu því, að menn geti hagnýtt sér þessar nytjar. Ákvæði þessarar málsgreinar um, að ávallt skuli skilin eftir minnst 4 egg í hreiðri hverju, eiga að fyrirbyggja rányrkju í sambandi við eggjatökuna. Þessari reglu hefur frá fornu fari verið fylgt í Mývatnssveit, og hefur hún gefið góða raun. Nefndin hefur haft í höndum gögn um eggjatekjuna í Mývatnssveit allt frá síðustu aldamótum, og sýna þau á ótvíræðan hátt, að andavarpinu þar hefur alls ekki farið hnignandi á þessu tímabili. En auðvitað sýna þó gögnin talsverðar sveiflur frá ári til árs. Frumvarpið gerir ráð fyrir, að undanþága þessi til eggjatöku taki ekki til skeiðandar, álfar og gæsa, hvernar tegundar sem eru. Skeiðöndin hefur nýlega sett að hér á landi og er enn mjög sjaldgæf og þarfnast því algerðrar friðunar. Taka álfareggja hefur sáralitla hagnýta þýðingu, og auk þess munu menn almennt andvigir því, að leyft sé að taka álfaregg. Loks verður að leggja ríka áherzlu á, að bannað sé að taka gæsaegg. Gæsum fer yfirleitt fækkandi í heiminum, enda er einstaklingafjöldi hinna ýmsu

tegunda yfirleitt mjög litill í samanhurði við aðra fugla. Það verður því að leggja mikla áherzlu á aukna verndun gæsategundanna, og hafa ýmis lönd þegar gert margvíslegar ráðstafanir í því skyni. Ákvæði um töku æðareggja eru felld inn í þessa málsgrein, og eru þau í samræmi við ákvæði l. nr. 74/1941, um friðun æðar-fugls.

Í 3. málsgr. er svo loks veitt heimild til þess að taka kriuegg, enda þótt krian sé að öðru leyti alfriðuð samkvæmt friðunarákvæðum 8. gr.

Um 11. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru í samræmi við ákvæði laga nr. 59/1913, um friðun fugla og eggja, og ákvæði 7. gr. alþjóðasamþykktarinnar.

Um 12. gr.

Þessi grein þarf ekki skýringa við.

Um III. kafla.

Nefndin lítur svo á, að nánari ákvæði og reglur um nytjun þeirra hlunninda, er um ræðir í 10. gr., eigi ekki heima í lögum þessum. Aðferðir við nytjun þeirra eru með svo ólíkum hætti í hinum ýmsu landshlutum, að mjög erfitt er að setja um það efni algildar reglur. Á þetta einkum við um nytjun fuglabjarga. Með ákvæðum þessa kafla er einstökum sýslu- og bæjarfélögum hins vegar veitt heimild til að gera samþykktir um nytjun þessara hlunninda, á þann hátt og með þeim skilyrðum, er ákvæði kaflans mæla fyrir um.

Til þessa hafa gilt sérstök lög (nr. 13/1894) um fuglaveiðasamþykkt í Vestmannaeyjum, og önnur lög (nr. 20/1912) um veiði í Drangey. Nefndin hefur kosið að fella þessi lög í eina heild og gera þau um leið þannig úr garði, að hvert það sýslu- eða bæjarfélag, er þess óskar, geti samkv. þeim gert samþykktir um nytjun ofangreindra hlunninda, er annað hvort nái til allrar sýslunnar eða bæjarlandsins eða takmarkaðs svæðis eða svæða innan þeirra. Ákvæði þessa kafla þurfa að öðru leyti ekki nánari skýringa við.

Um IV. kafla.

Um veiðitæki og veiðiaðferðir eru engin ákvæði í íslenskum lögum, ef frá eru skilin ákvæði um lunda- og fýlaveiðar í l. nr. 59/1913, um friðun fugla og eggja, og ákvæði um lunda- og svartfuglaveiðar í reglum nr. 63/1923, settum samkvæmt l. nr. 34/1915, um dýraverndun. Flest ákvæði þessa kafla eru því nýmæli í íslenskum lögum, en nefndin hefur leitast við að hafa þau í sem beztu samræmi við hin ýtarlegu ákvæði alþjóðasamþykktarinnar um þessi efni. Skal hér í stuttu máli gerð grein fyrir hinum einstöku greinum þessa kafla.

Um 18. gr.

Minni hluti nefndarinnar (A. K.-H., K. S.) hefur ekki getað fallizt á, að bannað verði að nota til fuglaveiða marghlaðnar eða sjálfhlaðnar haglabyssur, er taki fleiri en tvö skothylki, og leggur því til, að ákvæði um þetta atriði verði fellt burt úr 20. gr. Ákvæði þetta er í samræmi við alþjóðasamþykktina, og meiri hluti nefndarinnar (F. G., S. E. H., Þ. E.) lítur svo á, að hér á landi séu ekki þau skilyrði fyrir hendi, er réttlæti slíkt frávik frá samþykktinni.

Um 19. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru einnig í samræmi við ákvæði alþjóðasamþykktarinnar. Þar er þó gert ráð fyrir, að bannað verði að nota vélknúna báta til fuglaveiða á sjó á tímabilinu frá 1. marz til 1. október, en vegna sérstakra aðstæðna

telur nefndin ekki fært að lögtaka slíkt bann hér. Þetta frávík frá alþjóðasamþykktinni réttlætist af undanþágu þeirri, er felst í 6. gr. samþykktarinnar og er bundin við Noreg, Svíþjóð, Finnland, Færeyjar og Ísland. Hins vegar hefur nefndin orðið sammála um að bæta við ákvæði um það, að til fuglaveiða á sjó megi ekki nota vélknúna báta, er gangi hraðar en 12 sjómilur á klukkustund. Enn fremur leggur nefndin áherzlu á það, að bannað verði að nota vélknúna báta til fuglaveiða á ósöltu vatni og bannað verði að skjóta fugla úr bilum. Það hefur farið mjög í vöxt hér á landi á síðari árum, að fuglar séu skotnir úr bilum, en Íslendingar verða með öllu að hætta þessum ósið, ef þeir eiga ekki að verða eftirbátar annarra þjóða á sviði fuglaverndunarmála.

Um 20. gr.

Samkvæmt alþjóðasamþykktinni er bannað að nota net til fuglaveiða, hvort sem er í sjó eða vötnum eða á landi. Hliðstæð ákvæði er að finna í þessari grein, þó með þeirri undantekningu, að gert er ráð fyrir, að heimilt sé að nota háfa til bjargfuglaveiða (þar með talinn lundi) og heimilt sé að veiða lunda í net, þar sem lundagröftur stendur æðarvarpi fyrir þrifum. Þess eru mörg dæmi, að lundagröftur hafi stórspillt eða jafnvel gereytt æðarvörpum. Til að verjast slíku tjóni er ekki um aðra leið að ræða en að veiða lundann í net, og telur nefndin því sjálfsagt að veita heimild til þess undir slíkum kringumstæðum, enda er það í samræmi við ákvæði gildandi laga.

Um 21. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru í samræmi við alþjóðasamþykktina. Hér á landi hafa flekar (snöruflekar) sums staðar verið notaðir við svartfuglaveiðar. Nefndin lítur svo á, að ekki verði komið hjá að banna þessa veiðiaðferð, enda mun hún hvergi vera stunduð hér á landi sem stendur.

Um 22. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru einnig í samræmi við alþjóðasamþykktina, og undanþágan, sem gert er ráð fyrir í greininni, er í samræmi við 6. gr. samþykktarinnar. Nefndinni er ljóst, að margir eru andvígir því að leyfa notkun eiturs til eyðingar meindýrum, en hjá því verður samt ekki komið undir vissum kringumstæðum. Nefndin telur því nauðsynlegt að veita ráðherra heimild til að leyfa notkun eiturs í sambandi við eyðingu þeirra þriggja tegunda, sem taldar eru í greininni. Menn verða í eitt skipti fyrir öll að gera sér ljóst, að raunhæfar aðgerðir í fuglaverndunarmálum eru ekki eingöngu í því fólgnar að alfríða sem flestar tegundir, heldur einnig því að koma í veg fyrir offjölgun vissra tegunda á kostnað annarra.

Um 23. gr.

Það er ekki óalgengur siður, að farþegaskip, sem eiga leið fram hjá fuglabjörgum um varptímann, þeyti eimflautur sínar til að lofa farþegunum að dást að fuglamergðinni, sem flýgur upp úr björgunum. Þetta virðist í fljótu bragði vera meinlaust gaman, en það hefur samt sínar skuggahliðar. Um leið og fuglinn ærist af hávaðanum og flýgur í ofboði upp úr björgunum, eyðileggst alltaf meira eða minna af eggjum, sem hrynja niður í sjó eða í urðir undir björgunum. Þetta er því ósiður, sem nefndin telur, að eigi að banna með lögum.

Um 24. gr.

Ástæðan til þess, að nefndin telur ákvæði þessarar greinar nauðsynleg, er sú, að yfirlegur mynda- eða kvikmyndatökumanna yfir hreiðrum fugla til þess að ná myndum af fuglunum, valda oft margvislegum truflunum, sem stundum leiða til þess, að fuglarnir afrækja og eggin eyðileggjast, eða ungarnir drepast í hreiðrunum.

um. Nefndinni er meðal annars kunnugt um, að arnarungar hafa hér á landi í fleiri skipti drepizt í hreiðrum sínum af þessum orsökum. Nefndin ætlast til, að bann það gegn mynda- og kvikmyndatökum, sem felst í þessari grein, nái aðeins til arnar, fálka, snæuglu og haftyrdíls. Þessar 4 tegundir eru sjaldgæfastar allra tegunda hér á landi, og þeim er því hættast við geryðingu.

Um 25. gr.

Ákvæði 1. málsgr. eru nauðsynleg til þess að koma í veg fyrir, að erlendir fuglafræðingar, sem heimsækja landið, noti erlend merki til að merkja með íslenska fugla, eða jafnvel reyni að fá Íslendinga til að merkja fyrir sig með erlendum merkjum. Þetta hefur hvað eftir annað komið fyrir, en Íslendingar geta ekki fylgzt með árangri af slíkum merkingum, og er því nauðsynlegt að sporna við slíku með fyrirmælum í lögum. Flestar eða allar menningarþjóðir hafa líka hliðstæð ákvæði í lögum sínum. 2. málsgr. þarf ekki skýringa við.

Um V. kafla.

Öll ákvæði þessa kafla eru nýmæli í íslenskum lögum, en þau eru í öllum aðalatriðum í samræmi við ákvæði alþjóðasamþykktarinnar og miða fyrst og fremst að því að torvelða brot á friðunarákvæðum frumvarpsins.

Um 26. gr.

Ákvæði þessarar greinar þurfa ekki skýringa við.

Um 27. gr.¹⁾

Ákvæði þessarar greinar eru mjög þýðingarmikil. Auðkenning (plúmbering) sú, sem gert er ráð fyrir í þessari grein, mundi stuðla mjög að því, að hægt væri að koma í veg fyrir, að fuglar, er njóta tímabundinnar friðunar, væru veiddir utan veiðitímans. Hliðstæð ákvæði er einnig að finna í lögum nágrannalanda okkar. Eins og þessum málum er nú skipað hér á landi, eru fuglar, er njóta tímabundinnar friðunar, svo sem rjúpur, gæsir og fleiri tegundir, á boðstólum í verzlunum allan ársins hring, án þess að nokkur leið sé að vita, hvort þeir hafa verið veiddir á löglegum tíma. Opinber verzlun með ólöglega veidda fugla er því engum erfiðleikum bundin hér á landi, eins og sakir standa. Auðkenning (plúmbering) mundi hins vegar torvelða mjög slíka verzlun. Erlendis er auðkenning (plúmbering) fugla víðast hvar framkvæmd með þeim hætti, að virlykkja er þrædd með sérstakri nál í gegnum annað læri fuglsins, og er henni lokað með blýplumbu, svipaðri því, sem tollmenn nota, og ber hún stimpil viðkomandi yfirvalds.

Um 28. gr.¹⁾

Ákvæði þessarar greinar eru nauðsynleg til þess að sporna við því, að hægt sé að verzla með ólöglega veidda innlenda fugla undir því yfirskyni, að þeir væru innfluttir.

Um 29.—32. gr.

Þessar greinar þurfa ekki skýringa við.

Um VI. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um refsingar, upptöku eigna og meðferð dómsmála vegna brota á lögnum.

Refsiákvæðin fyrir ólöglegar fuglaveiðar eru í 33. gr., fyrir ólöglega eggjatöku í 34. gr. og fyrir brot á ákvæðum V. kafla frv. í 35. gr. Upptökuákvæði eru

¹⁾ Ákvæðum þessara greina hefur verið breytt í heimild í frv.

einnig í greinum þessum. Í 36. gr. er sjálfstætt refsíákvæði um þá háttsemi, er hleypt er af skoti í annars manns landi, að veiðiréttarhafa forspurðum. Þar er einnig mælt fyrir um refsingu vegna brota á öðrum ákvæðum laganna, sem ekki er lögð sérstök refsing við á öðrum stöðum. Í 37. gr. er kveðið á um það, hvert sektir renni og upptæk verðmæti eða andvirði þeirra, og í 38. gr. um það, hverri réttarfarsmeðferð mál út af brotum á lögnum skuli sæta.

Ákvæðin um refsingu og upptöku eru nokkuð á annan veg en í gildandi lögum. Í hinum síðarnefndu eru fésektir yfirleitt rígskorðaðar við hvern fugl, sem veiddur er, eða hvert egg, sem tekið er, þó svo, að fésektir hækka, ef brot er ítrekað (í 5. gr. laga nr. 74/1941 er þó bæði lögmaelt sekt fyrir veiði hvers fugls og frekari refsiviðurlög eru einnig orðuð). Slík refsíákvæði veita dómurum ekkert eða a. m. k. lítið svigrúm til að taka tillit til séráttvika við brot hverju sinni eða hafa hliðsjón af högum sakbornings, þ. á m. efnahag hans, en það er atriði, sem jafnan á að hafa í huga við ákvörðun fésekta, samkv. 51. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 1940, nema lög segi annað. Fyrirkomulag íslenskra friðunarlaga um refsimörk var mjög tíkað í fornum lögum bæði hér á landi og annars staðar. Í nútíma refsivísindum þykir þetta horf á refsíákvæðum vera óheppilegt. Ekki verður séð, að úr almennum varnaðaráhrifum refsiviðurlaga dragi verulega, þótt hættir frv. í þessu efni séu valdir, enda eru refsimörkin yfirleitt hækkuð í frv., frá því sem nú er. Þess má geta, að á ráðstefnu norrænna refsiréttarsérferðinga í Reykjavík í júní 1950 var m. a. lagt til, að horfið skyldi í refsilöggjöf frá þeim hætti að rígskorða fésektir við verðmæti það, er brot beinist að, svo sem tíðkæzt hefur í friðunarlöggjöfinni íslensku til þessa.

Í 33.—35. gr. eru ákvæði um upptöku, sem fyrr greinir. Upptökuákvæði er ekki í lögum nr. 59/1913, en hins vegar í lögum nr. 74/1941 (og í veiðitilsk. frá 20. júní 1849). Nær upptökuákvæði þeirra laga aðeins til veiðitækja, og er skylt að gera þau upptæk. Upptökuákvæði frv. eru miklu viðtækari en er eftir gildandi lögum. Í fyrsta lagi varða þau allar ólöglegar fuglaveiðar, ólöglega eggjatöku, svo og brot á ákvæðum V. kafla frv. Í öðru lagi lúta þau ekki eingöngu að veiðitækjum, heldur einnig að ólöglegu veiðifangi og hagnaði af veiði eða eggjatöku eða af broti á ákvæðum V. kafla frv. Í ákvæðum frv. er ekki lómælt skylda til eignarupptöku, heldur aðeins veitt heimild til hennar. Er sá háttur valinn í samræmi við ríkjandi stefnur í nútíma refsirétti. Ætlandi er, að upptökuákvæði frv. skapi mönnum aukið aðhald um að skeyta friðunarákvæðum, ef frv. verður lögfest.

Um 33.—34. gr.

Til viðbótar því, sem greinir hér að framan um ákvæði þessara greina, er vert að vekja athygli á því, að í 33. gr. eru lágmarkssektir ákveðnar hærri en ella fyrir veiði á fjórum fágætum fuglategundum og á æðarfuglum. Í 34. gr. er og orðuð hærri lágmarkssekt fyrir ólöglega töku á eggjum þessara fugla en annarra fugla.

Þær fágætu fuglategundir, sem nafngreindar eru í 33. og 34. gr., eru örn, snæugla, haftyrdill og fálki. Fuglategundirnar þrjár, sem fyrst eru nefndar, eru sjaldgæfustu varpfuglar hér á landi. Nú munu varla fleiri en 10 verpandi arnarpör hér á landi, og hefur örnnum ekki fjölgað þrátt fyrir allanga friðun. Verpandi snæuglupör eru áreiðanlega innan við 10, og í Grímsey verpa 10 haftyrdillspör, en annars staðar verpur þessi tegund ekki hérlendis. Hins vegar kemur oft mergð af haftyrdli upp að ströndum landsins á veturna, en gera verður mun á þessum aðkomufuglum og hinum litla, íslenska stofni í Grímsey. Fálkinn er ekki enn orðinn eins sjaldgæfur og þær 3 tegundir, sem rætt hefur verið um hér að framan, en mikil hætta er á, að örlög hans verði hin sömu og arnarins, ef ekki tekst að byggja fyrir það, að hann verði skotinn bæði leynt og ljóst, eins og nú á sér stað, og það þrátt fyrir alfriðun hans.

Í 33. og 34. gr. er gert ráð fyrir því sem fyrr greinir, að lágmarkssektir fyrir ólöglegar æðarfuglaveiðar eða ólöglega töku æðareggja verði hinar sömu og fyrir

ólöglegar veiðar og töku eggja þeirra fjögurra tegunda, sem taldar hafa verið hér að framan. Hinar miklu nytjar, sem margir hafa af æðarvörpum, réttlæta það ákvæði fyllilega.

Í 2. málsgr. 33. gr. er það nýmæli, að tilraun til ólöglegra fuglaveiða og hlutdeild í þeim sé refsiverð. Er þörf á þessu ákvæði sakir þess, að reglur III. kafla laga nr. 19/1940 eru bundnar við brot, samkvæmt almenntri hegningarlöggjöf, sbr. þó 1. gr. 1. nr. 19/1940.

Um 35. gr.

Þarfnast ekki skýringar umfram það, sem greinir hér að framan.

Um 36. gr.

Ákvæði greinarinnar um, að eigi megi maður hleypa af skoti í annars manns landi, að veiðiréttarhafa forspurðum, stuðlar að því, að menn geti varizt átroðningi og yfirtroðslum veiðiþjófa, sem svo eru nefndir af almenningi. Í 2. málsgr. 33. gr. er tilraun til ólöglegra fuglaveiða að sönnu lýst refsiverð, en ætla verður þó, að fyrri málsgr. 36. gr. hafi sjálfstætt gildi, þegar af þeirri ástæðu, að sönnur kann að breyta fyrir því, að um tilraun til ólöglegra fuglaveiða sé að ræða, þótt sannað sé, að maður hafi skotið af byssu.

Um 37. gr.

Í 8. gr. laga nr. 59/1913 og 8. gr. laga nr. 74/1941, segir, að sektir fyrir brot á lögnum renni að þriðjungi í sveitarsjóð, en að tveimur þriðju til uppljóstrunarmanns. Í 37. gr. frv. er lagt til, að sektir og upptæk verðmæti renni í sýslusjóð eða bæjarsjóð, þar sem brot er framið. Upptækt veiðifang rennur þó til veiðiréttarhafa þess, sem misgert er við, nema veitt sé eða egg tekin andstætt friðunarákvæðum frv. Breyting sú, er frv. orðar hér á sektarákvæðum eldri laga, er í samræmi við réttarþróun síðari áratuga og stefnur í nútíma refsirétti. Þykir ekki þörf að ræða það efni nánar hér.

Ákvæði 2. málsgr. 37. gr. er hliðstætt 94. gr. (eða öllu fremur 95. gr., sbr. 1. nr. 8/1946, 1. gr.) laga nr. 112/1941.

Um 38. og 39. gr.

Þarfnast ekki skýringa.“

Umsagnir sýslunefnda um frumvarpið og athugasemdir við þær.

Nefndin hefur haft til athugunar umsagnir um frumvarpið frá sýslunefndum í öllum sýslum landsins nema Gullbringu- og Kjósarsýslu og Strandasýslu. Umsagnir um frumvarpið frá sýslunefndum í sýslum þessum höfðu ekki borizt ráðuneytinu, er nefndin fjallaði um málið.

Um afstöðu sýslunefndanna til frumvarpsins er þetta helzt að segja: Sýslunefnd V.-Ísf. „komst að þeirri niðurstöðu, að frumvarpið væri í heild til mikilla bóta, en þóttist ekki hafa aðstöðu til að leggja fram rökstuddar tillögur til breytinga“. Sýslun. Árn. hefur aðeins gert samþykkt almenns eðlis um málið. Þar segir, að sýslun. líti svo á, „að nauðsyn sé á, að heildarlöggjöf sé sett um þetta efni og hún eigi að ganga sem mest í þá átt að vernda fuglastofninn með sem víðtækastri alfriðun. Aðeins megi vera leyfilegt að veiða þá fugla, sem skaða gera, og þá, sem veiddir eru til verulegra nytja á vissum árstímum, þó aldrei svo, að hætta verði á, að vissum tegundum verði útrýmt.“ Umsögn sýslun. Rang. um frv. er einnig fyrst og fremst almenns eðlis. Hún hljóðar þannig: „Sýslufundur Rangárvallasýslu 1952 mælir eindregið með því, að allir villtir fuglar á Íslandi séu alfriðaðir árið um kring að undanskildu því að hlutaðeigendum sé heimilt að verja æðarvörp, klakstöðvar, sáðreiti og annan uppvaðandi gróður vegna ágengni fugla. Enn fremur sé hlutaðeigendum heimil fuglatekja í björgum frá 1. apríl til 20. ágúst ár hvert.“ Samkvæmt umsögn þessari

virðist sýslun. Rang. vera hlynt miklu viðtækari friðunarráðstöfunum en frv. gerir ráð fyrir, og ganga tillögur hennar hvað þetta snertir miklu lengra en nokkurrar annarrar sýslunefndar á landinu.

Í umsögnum allra annarra sýslunefnda en þeirra, er hér hefur verið getið, felast fleiri eða færri ákveðnar breytingartillögur við frumvarpið. Fara þær hér á eftir ásamt athugasemdum nefndarinnar.

3. gr.

Sýslun. S.- og N.-Þing. leggja til, að á eftir lokaorðinu landareign komi: „í réttu hlutfalli við afnotarétt lands, nema samkomulag verði um aðra skipan.“

5. gr.

2. málsgr.

Sýslun. V.- og A.-Hún. leggja til, að málsgr. orðist svo: „Öllum íslenskum ríkisborgurum eru fuglaveiðar heimilar í almenningum utan landareigna lögbýla og afrétta hreppfélaga eða upprekstrarfélaga.“

Sýslun. S.- og N.-Þing. leggja til, að málsgr. orðist svo: „Afréttir og almenningar, er liggja utan lögbýla og enginn getur sannað eignarrétt sinn til, skulu friðaðir fyrir allri fuglaveiði og eggjatöku. Þó getur ráðherra veitt valinkunnum mönnum veiðileyfi þar um takmarkaðan tíma og takmarkað leyfi til eggjatöku, enda komi meðmæli fuglafriðunarnefndar til hverju sinni.“

2. og 3. málsgr.

Sýslun. A.-Skaft. telur óráðlegt að heimila fuglaveiðar ótakmarkað á afréttum og almenningum, og einnig í íslenskri landhelgi.

Það lítur úr fyrir, að sumir hafi skilið þessa grein frv. á þann veg, að friðunar-ákvæði frv. ættu ekki að ná til svæða þeirra, er um ræðir í greininni. Í þá átt bendir meðal annars álit sýslun. A.-Skaft., að óráðlegt sé, að heimila fuglaveiðar ótakmarkað á umræddum svæðum, svo og þau ummæli í greinargerð sýslun. S.- og N.-Þing., að það sé stórhættulegt fyrir fuglalíf í óbyggðum að leyfa hverjum sem er, að stunda þar fugladráp að eigin vild og geðþótta. En þessi túlkun á ákvæðum 5. gr. er að sjálfsögðu á misskilningi byggð. Í 14. gr. frv. er skýrt tekið fram, að friðunar-ákvæði laganna skuli gilda hvarvetna á Íslandi, svo og í íslenskri landhelgi. Ákvæði 5. gr. segja aðeins til um, hverjir hafi veiðirétt á umræddum svæðum, en innan þeirra takmarka auðvitað, er frv. setur að öðru leyti um fuglaveiðar.

Sýslun. S.- og N.-Þing. leggja til, að afréttir og almenningar, er liggja utan landareigna lögbýla og enginn geti sannað eignarrétt sinn til, skuli friðaðir fyrir allri fuglaveiði og eggjatöku. Í framkvæmd mundi þessi breyting á 5. gr. hafa þær afleiðingar, að aðeins bændur (landeigendur) hefðu rétt til fuglaveiða hér á landi. Þeir, sem búa í borgum og kaupstöðum, hefðu þá hvergi rétt til fuglaveiða. Fuglafriðunarnefnd er andvíg þessari breytingu á 5. gr., enda gengur hún í öfuga átt við þróun þessara mála í nágrannalöndum vorum. Þar hefur verið unnið að því að tryggja borgarbúum frjálsan aðgang að landsvæðum, þar sem þeir geti eytt frí- stundum sínum og notið náttúrunnar. Þar er einnig þeim, er þess óska, heimilt að stunda veiðar. Þetta getur verið erfiðleikum bundið í þéttbýlum og þrautræktuðum löndum, en benda má á, að á Bretlandseyjum og víðar eru allar fjörur almenningar, þar sem öllum eru fuglaveiðar heimilar. Annað dæmi mætti nefna, er sýnir glögg þróun þessara mála í nágrannalöndum vorum. Í nýjustu sænskum lögum er öllum heimil berjatinsla, hvar sem er í Svíþjóð, og það meira að segja í landareignum lögbýla án leyfis landeiganda. Í flestum löndum gengur þróunin í þá átt, að vaxandi hluti þjóðarinnar hefur aðsetur í borgum. Þetta er staðreynd, sem ekki verður gengið fram hjá. En löggjafarvaldið í nágrannalöndum vorum hefur fyrir löngu gert sér ljóst, að nauðsynlegt er að taka tillit til þessarar þróunar með því að tryggja borgar-

búum frjálisan aðgang að landi. Hér á landi er réttur landeigenda meiri en í flestum öðrum löndum. Hér á landi eru meðal annars landeigendum einum heimilar fuglaveiðar í fjörum og þar að auki 115 m á haf út talið frá stórstraumsfjörumáli. Þetta er forn hefð, sem nefndin hefur talið rétt, að verði látin haldast hér á landi. En aftur á móti getur nefndin ekki fallið á að svipta þá, sem ekki eru landeigendur, rétti til fuglaveiða í óbyggðum, hvort sem um afrétti eða almenninga er að ræða. Ísland er svo strjálbýlt land, og óbyggðir þess eru svo víðáttumiklar, að þar ætti að vera nóg svigrúm bæði fyrir bændur og borgarbúa. Sýslun. S.- og N.-Þing. rökstyðja breytingartillögu sína meðal annars með því, að Ísland eigi að vera friðland fugla eftir því, sem hægt er, og því sé sjálfsagt að friðlýsa óbyggðirnar algerlega. En hví leggja sýslunefndirnar þá ekki til, að allt Ísland verði friðað fyrir fuglaveiðum og eggjatöku? Það er alveg eins hægt að friða landareignir lögbýla fyrir fuglaveiðum og eggjatöku eins og óbyggðirnar. Munurinn er aðeins sá að með því aðeins að friða óbyggðirnar, eru borgarbúar algerlega sviptir rétti til fuglaveiða, en með því að friða landareignir lögbýla líka, þá yrði sama látið ganga yfir bændurnar. Að lokum skal á það bent, að breytingartillaga sýslun. S.- og N.-Þing. mundi að allverulegu leyti útiloka rjúpnaveiðar í framtíðinni. Í mörgum landshlutum eru rjúpnaveiðar nær eingöngu stundaðar í óbyggðum utan landareigna lögbýla.

Breytingartillögur sýslun. V.- og A.-Hún. eru í því fólgnar, að öllum íslenskum ríkisborgurum skuli fuglaveiðar heimilar í almenningum utan landareigna lögbýla og afrétta hreppsfélaga eða upprekstrarfélaga. Tillagan gefur ekki til kynna, hverjum eigi að vera heimilar fuglaveiðar á afréttum hreppsfélaga eða upprekstrarfélaga, en væntanlega er ætlað til þess, að á þeim svæðum séu bændum einum fuglaveiðar heimilar. Nú er það svo, að í almenningum utan afrétta hreppsfélaga eða upprekstrarfélaga er varla um fuglalíf að ræða, og þar eru því litlir eða engir möguleikar til fuglaveiða. Tillagan mundi því hafa sömu afleiðingar og tillögur sýslun. S.- og N.-Þing., þ. e. a. s. að svipta borgarbúa rétti til fuglaveiða. Rök þau, er færð hafa verið gegn tillögum sýslun. S.- og N.-Þing. eiga því einnig við hér. Í greinargerð með breytingartillögum sýslun. V.- og A.-Hún. segir svo: „Breytingartillagan miðar að því að koma í veg fyrir, að afréttarlönd (svo sem Eyvindarstaða-, Auðkúlu-, Grímstungu-, Viðdalstungu-, Aðalbóls-, Núps- og Húksheiði), sem nýlega hafa verið skilin frá lögbýlum, en teljast eigi beinlínis til þeirra nú, verði ekki færð undir það að kallast „almenningar“, sem dráppyrstur skríll geti vaðið um að vild, sums staðar heim undir túngarð lögbýla að kalla. Slik takmörkun er í samræmi við ákvæði laga um lax- og silungsveiðar. Er hér um höfuðatriði að ræða, sem með engu móti verður þolað, að ráðið verði til lykta í andstöðu við vilja hinna dreifðu byggða.“ Þessi ummæli sýslun. gefa tilefni til nánari athugunar. Ef heiðalönd þau, sem um er að ræða, hafa áður verið í eign lögbýla, en hafa síðar komið í eign hreppsfélaga eða sýslufélaga, þá hafa hreppsþúar eða sýslubúar samkv. frv. einir rétt til fuglaveiða á umræddum svæðum, svo framfarlega sem þeir geti sannað eignarrétt sinn til þeirra. Í 5. gr. frv. (2. málsg.) er skýrt tekið fram, að öllum íslenskum ríkisborgurum séu fuglaveiðar heimilar í afréttum og almenningum utan landareigna lögbýla, enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra. Það verður því ekki betur séð en meginforsenda fyrir brtt. sýslun. V.- og A.-Hún. sé þar með úr sögunni. Á það skal bent, að með orðinu eignarréttur í 5. gr. 2. mgr. frv. er einungis átt við bein eignarréttindi að landi eða landsvæðum. Ríkið hefur að vísu yfirráðarétt og vissar heimildir að landi utan lögbýla og annarra landsvæða, sem eignarréttur einstaklinga eða einstakra héraða nær til, en sá réttur ríkisins, sem helgast einungis af slíkum yfirráðarétti, verður ekki talinn eignarréttur samkv. 5. gr. 2. mgr. frv.

6. gr.

Sýslun. V.- og A.-Húnv. leggja til, að greinin orðist svo: „Fastráðnum sérfræðingum við dýrafraeðideild Náttúrugripasafns Íslands í Reykjavík, skal heimilt að veiða fugla og safna eggjum handa safninu, hvar sem er, og án þess að endurgjald

komi fyrir, enda geri þeir landeiganda aðvart fyrirfram og sýni skilríki sín, svo fremi því verði við komið.“

Sýslun. S.- og N.-Þing leggja til, að greinin orðist svo: „Föstum starfsmönnum við dýrafræðideild Náttúrugripasafns Íslands í Reykjavík skal heimilt, hvar sem er að rannsaka fuglalíf, taka myndir, merkja fugla o. fl., en að skjóta fugla og taka egg þeirra aðeins í samráði við og með samþykki hlutaðeigandi landráðanda og í óbyggðum aðeins með leyfi ráðherra.

Nefndin fellst í meginatriðum á brtt. sýslun. V.- og A.-Hún. við þessa grein og í frv. hefur greininni því verið breytt í samræmi við það.

8. gr.
2. málsg.
b.-liður.

Sýslun. S.-Múl. leggur til, að stóri hvítmáfur verði felldur burt úr þessum lið og bætt við a.-lið (verði ófriðaður allt árið).

Sýslun. Skag. leggur til, að aftan við þenna lið komi: „Þó skal sýslunefnd Skagafjarðarsýslu heimilt að setja reglugerð um veiði svartfugls við Drangey (álku, stuttnefju, langvíu og lunda), á tímabilinu frá 1. maí til 15. júlí.“ Þessi viðbót við b.-lið er að sjálfsögðu algerlega óþörf. Undanþágu frá friðunarákvæðum 8. gr. til að veiða umræddar tegundir er að finna í 10. gr. frv., og í III. kafla frv. er sýslunefndum einmitt veitt heimild til, hverri í sínu héraði að gera samþykktir um þær veiðar.

Sýslun. N.-Ísf. leggur til, að lunda megi veiða 15. ágúst til 31. maí. Þessi tillaga er einnig óþörf (sbr. undanþága 10. gr.).

c.- og d.-liðir.

Sýslun. S.- og N.-Þing., V.- og A.-Hún. og V.-Barð. leggja til, að allar endur verði alfriðaðar. Sýslun. S.- og N.-Þing. leggja auk þess til, að allar gæsir verði alfriðaðar.

e.-liður.

Sýslun. N.-Ísf. leggur til, að fýll sé ófriðaður allt árið í björgum, þar sem svartfugl verpir. — Þessi tillaga er óþörf. Undanþága sú, er felst í 1. málsg. 10. gr. veitir mönnum heimild til að veiða fýl í björgum, og það jafnt hvort svartfugl verpir þar eða ekki, svo og heimild til að taka egg hans eða unga.

f.-liður.

Sýslun. V.-Barð. leggur til, að allar tegundirnar, sem taldar eru undir þessum lið (lómur, himbrimi, sefönd (flórgoði), stóra toppönd (gulönd) og litla toppönd) verði alfriðaðar.

Sýslun. S.- og N.-Þing leggja til, að himbrimi, sefönd (flórgoði) og stóra toppönd (gulönd) verði felldar burt úr þessum lið, og verði þær alfriðaðar. Jafnframt verði veiðitími þeirra tegunda, er þá verða eftir (lómur, litla toppönd), stytur titið eitt (hefjist 1. sept. í stað 20. ágúst).

g.-liður.

Sýslun. N.-Ísf. leggur til, að rjúpa skuli alfriðuð næstu fimm ár.

Sýslun. S.- og N.-Þing. leggja til, að veiðitími rjúpu verði stytur og verði aðeins frá 1. nóv. til 22. desember.

3. málsg.

Sýslun. S.- og N.-Þing. leggja til, að aftan við málsgreinina verði bætt: „nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum“.

Sýslun. A.-Skaft. tekur fram, að sjálfsagt virðist að veita undanþágu frá friðunarákvæðum 8. gr. um veiði vegna hlunninda. — Slík undanþága er veitt í 10. gr., og athugasemd þessi er því óþörf.

Í frv. voru upphaflega ákvæði um það, að heimilt skyldi að veiða spóa og hrossagauk á tímabilinu frá 1. ágúst til 30. sept. Flestar sýslunefndanna (A.-Skaft., Borg., Dal., Eyf., N.-Ísf., N.- og S.-Múl., Mýr., Skag., Snæf.- og Hnapp., S.- og N.-Þing., V.- og A.-Hún., V.-Barð.) leggja hins vegar til, að spói og hrossagaukur verði alfriðaðir. Þar sem almennur vilji virðist vera fyrir þessari breytingu á friðunar-ákvæðum frv. fellst nefndin á þetta, og hefur frv. verið breytt í samræmi við það. Enn fremur hefur nefndin fallizt á, að við 3. málsgr. verði bætt „nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum“. Á aðrar breytingar á þessari grein getur nefndin ekki fallizt, og er hún fús til að gera nánari grein fyrir þessari afstöðu sinni, ef þess yrði óskað. Þó skal á það bent, að Sigurður E. Hlíðar heldur fast við þá afstöðu sína, að stytta beri veiðitíma rjúpunnar (sbr. bls. 18 hér að framan).

9. gr.

3. málsgr.

Sýslun. V.- og A.-Hún. leggja til, að á eftir orðunum „skriflega yfirlýsingu um það“ komi til fyrirframinnfærslu í veðmálabækur.

10. gr.

1. málsgr.

Sýslun. N.-Ísf. leggur til, að leyft skuli að skjóta svartfugl í bjargi á tímabilinu 1. marz til 15. apríl.

19. gr.

1. málsgr.

Sýslun. V.- og A.-Hún. leggja til, að aftan við málsgreinina bætist: „Veiðihunda má þó hvorki flytja á veiðistað né nota, þar sem búsmali annar en veiðimanns, gengur í högum.“

2. málsgr.

Sýslun. N.-Múl. leggur til, að málsgreinin orðist svo: „Eigi má nota vélknúna báta til fuglaveiða, hvorki á söltu né ósöltu vatni.“

Sýslun. S.- og N.-Þing. leggja til, að 19. gr. orðist svo:

1. Eigi má nota flugvélar, bifreiðar, vélbáta né önnur vélknúin farartæki á landi eða vötnum, til fuglaveiða eða til að elta upp fugla eða reka.

2. Til fuglaveiða á sjó má eigi nota vélknúna báta, sem ganga meira en 9 sjómílar á klukkustund.

20. gr.

1. málsgr.

Sýslun. S.- og N.-Þing leggja til, að málsgr. orðist svo: „Eigi má nota net til fuglaveiða nema háfa.“

3. málsgr.

Sýslun. S.- og N.-Þing. leggja til, að málsgr. falli niður.

21. gr.

Sýslun. Skag. leggur til, að aftan við greinina bætist: „Þó skal heimil flekaveiði við Drangey samkvæmt reglugerð, sem sýslunefnd Skagafjarðarsýslu setur og fær löglegt samþykki héraðsbúa og staðfestingu ráðuneytis.“

Nefndin hefur ekki getað fallizt á brtt. sýslun. Skag. við þessa grein. Annað hvort verður bann gegn flekaveiði að gilda hvarvetna á Íslandi, eða flekaveiði verður að leyfa, hvar sem er á landinu. Flekaveiði hefur hingað til ekki verið bönnuð með lögum, en um alllangt skeið hefur hún samt sem áður hvergi verið stunduð, fyrr en nú nýverið, að aftur er byrjað á þessari veiðiaðferð við Drangey. Annars munu menn víðast hvar hafa hætt við þessa veiðiaðferð vegna þess, að hún var talin ómannúðleg, og vegna þess, að hún var talin ganga of nærri fuglastofninum. Enginn vafi er á því,

að með héraðssamþykktum um framkvæmd veiðanna má algerlega koma í veg fyrir, að gengið verði of nærri umræddum fuglastofnum með veiðiaðferð þessari. En eigi að síður verður nefndin að líta svo á, að veiðiaðferð þessi verði alltaf ómannúðleg, jafnvel þótt bandingjar séu ekki notaðir við veiðarnar. Alltaf getur borið við, að óhagstætt veður geti komið í veg fyrir, að hægt sé að vitja um flekana með hæfilegu millibili, eða að óveður slíti legufestar flekana, sem þá berast sem rekald fyrir veðri og vindi.

28. gr.

Sýslun. A.-Hún. leggur til, að framan við greinina bætist: „Enga fugla má flytja til landsins nema leyfi ráðherra og yfirdýralæknis komi til.“ — Á það skal bent, að um innflutning dýra (og þar með fugla) hafa verið sett sérstök lög (lög nr. 15 frá 8. marz 1948) og virðist óþarfi að taka ákvæði úr þeim lögum upp í frumvarp þetta.

33. gr.

1. málsg.

Sýslun. V.- og A.-Hún. leggja til, að á eftir orðunum „100 til 3000 krónum“ bætist inn í: „en aldrei undir 500 kr., ef veitt er eða gerð tilraun til veiða ólofað í landi annars manns.“

Hér að framan hefur verið gerð allrækilega grein fyrir umsögnum sýslunefndanna um frv. og brtt. þeim, er í þeim felast. Hefur nefndin gert athugasemdir við þær brtt., er efnislega skipta máli, og auk þess hefur hún gert grein fyrir því, hvaða brtt. hún hefur getað fallizt á, en þær hafa þegar verið felldar inn í frv. Á aðrar brtt. sýslunefndanna hefur nefndin ekki getað fallizt. Sumar þeirra eru byggðar á mis-skilningi, eins og þegar hefur verið bent á, en í öðrum gætir nokkurra öfga, sem hæpið er, að landsmenn yfirleitt mundu sætta sig við. Með frumvarpinu er íslenzku fuglalífi fyrirhuguð stórkostlega aukin friðun frá því, sem verið hefur. Og verði það að lögum, verða þau lög tvímælalaust einhver strangasta fuglafriðunarlöggjöf, sem nú er í gildi í nokkru landi. Nefndin telur því, að gæta beri varúðar í sambandi við setningu strangari friðunarákvæða en frumvarpið gerir ráð fyrir. Það er mjög þýðingarmikið, að almenningur telji lagaákvæðin réttmæt og sanngjörn og telji sér skylt að hlíta þeim, því að eftirlit með því, að lögunum sé fylgt er að sjálfsögðu miklum erfiðleikum bundið í jafnstrjálbýlu landi og Ísland er.